

Sunnulækjarskóli



**Sjálfsmatsskýrsla
2011 - 2012**

Guðbjörg Halldórsdóttir

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	4
2. Lýsing á Sunnulækjarskóla	5
3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla	8
3.1 Ytri rammi og innri viðmið	8
3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla	8
3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla	9
3.4 Matsspurningar	11
4. Niðurstöður.....	12
4.1. Stefna og stjórnun	12
4.1.1 Stefna og stefnumörkun	12
4.1.2 Stjórnun	12
4.1.3 Samantekt	15
4.2 Nám og kennsla.....	16
4.2.1 Einstaklingsmiðað nám.....	16
4.2.2 Viðhorf nemenda til náms	17
4.2.3 Virkni nemenda í skólanum.....	20
4.2.4 Kennsla og kennsluáðferðir	23
4.2.5 Námsmat.....	26
4.2.6 Stoðkerfi	28
4.2.7 Námsárangur.....	30
4.2.8 Heimanám.....	35
4.2.9 Aðstaða nemenda og námsumhverfi.....	37
4.2.10 Samantekt	43
4.3 Líðan nemenda.....	47
4.3.1 Líðan nemenda í skólanum.....	47
4.3.2 Samskipti.....	52
4.3.3 Agamál	55
4.3.4 Uppeldi til ábyrgðar	58
4.3.5 Einelti	59
4.3.6 Samantekt	62
4.4 Starfsánægja starfsmanna.....	65
4.4.1 Aðgengi að upplýsingum, hjálpargögnum og sérfræðipjónustu	65
4.4.2 Ábyrgð og áskoranir í starfi	65
4.4.3 Vinnuáætlun starfsmanna.....	65
4.4.4 Samskipti og samvinna	67
4.4.5 Starfsþróun	69

4.4.6	Álag í starfi	70
4.4.7	Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar	71
4.4.8	Samantekt	73
4.5	Samvinna heimila og skóla	75
4.5.2	Upplýsingagjöf	77
4.5.3	Samskipti við starfsmenn.....	80
4.5.4	Áhrif foreldra á skólastarfið.....	83
4.5.5	Samantekt	85
4.6	Umbótavinna 2011 – 2012 og mat starfsmanna	86
4.7	Styrkleikar og veikleikar Sunnulækjarskóla - kennarar	87
4.8	Styrkleikar og veikleikar Sunnulækjarskóla - foreldrar	89
4.9	Forgangsröðun kennara og foreldra að umbótavinnu.....	90
5.	Umræða	91
6.	Lokaorð	94

1. Inngangur

Þessi skýrsla er greinargerð um skólastarf í Sunnulækjarskóla og með hvaða hætti skólastarfið er metið, hvernig áætlanir eru gerðar um eflingu skólastarfsins, bæði viðhald sterkra þátta og leiðum til úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um einkenni Sunnulækjarskóla, stefnu hans og markmið. Þá er sjálfsmatsaðferðum skólans lýst, á hvaða upplýsingum sjálfsmatið byggist og hvaðan þær upplýsingar koma. Því næst er gerð grein fyrir þeim matsspurningum sem liggja til grundvallar matinu en þær spurningar byggjast á stefnu skólans og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þá er fjallað um niðurstöður sjálfsmatsins í hverjum áherslupætti fyrir sig. Að lokum er gerð grein fyrir umbótaáætlun skólans og hvernig er staðið að gerð hennar.

Sjálfsmatsskýrsla þessi gerir í flestum tilvikum grein fyrir skólastarfi Sunnulækjarskóla síðastliðin þrjú skólaár eða frá haustinu 2009. Eldri upplýsingar um skólastarfið er að finna í fyrri sjálfsmatsskýrslum.

2. Lýsing á Sunnulækjarskóla

Sunnulækjarskóli tók til starfa haustið 2004 og er yngsti grunnskóli sveitarfélagsins. Fyrsta skólaárið voru fjórir yngstu árgangar grunnskólans við skólann en síðan óx hann um einn árgang á ári þar til hann varð fullvaxinn tíu árganga grunnskóli veturinn 2010 – 2011.

Við hönnun skólans var lögð áhersla á að byggja skóla sem tæki tillit til þarfa einstaklinga í nútíma samfélagi þar sem hæfni til samskipta, frumkvæðis og nýsköpunar eru veigamiklir þættir. Einnig var horft til þess að þroska sjálfstæða einstaklinga sem gætu tekið ábyrgð á eigin lífi og væru færir um að stunda símenntun alla ævi.

Með þetta í huga var hannaður skóli þar sem kennsla fer fram á opnum rýmum og aukið svigrúm er gefið til samvinnu, samstarfs og fjölbreyttra kennsluhátta. Segja má að skólastarfið byggi á þremur grunnstoðum; einstaklingsmiðuðu námi, teymisvinnu starfsmanna og opnum kennslurýmum sem skapa umgjörð skólastarfsins.

Vorið 2007 var ákveðið að innleiða hugmyndir *uppeldis til ábyrgðar og uppbyggingar sjálfsaga* í skólastarfið og nota þær til að nálgast enn frekar þau markmið sem skólanum eru sett. Við skólann starfar fimm manna stýrihópur, skipaður kennurum og þroskaþjálfara af öllum stigum skólans. Hópurinn hittist vikulega og hefur umsjón með framgangi verkefnisins.

Sunnulækjarskóla er skipt í yngri og eldri deild sem hvorri um sig er stýrt af deildarstjóra. Setrið, sem er sérdeild Suðurlands, er einnig hluti af Sunnulækjarskóla og er stýrt af deildarstjóra sérdeildar. Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu sem sér um skipulag stuðnings við nemendur sem á þurfa að halda. Hólar, lengd viðvera, er rekin við skólann og er henni stýrt af forstöðumanni. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fara með yfirstjórn.

Nú starfa rúmlega 80 starfsmenn við skólann og tengdar deildir í um 75 stöðugildum. Í skólanum eru 475 nemendur í 10 árgöngum og 24 bekkjardeildum.

Stefna og markmið

Í anda þeirrar stefnu sem mótuð var af samstarfshópi á undirbúningstíma var grundvöllur skólans skilgreindur strax í upphafi, áður en ráðning annarra en stjórnenda átti sér stað. Grundvöllinum er ætlað það hlutverk að skilgreina megin uppbyggingu stjórnskipulags skólans og daglega ákvarðanatöku í starfsemi hans

Grundvöllur Sunnulækjarskóla

Leiðarljós starfsmanna Sunnulækjarskóla er:

- að hver nemandi skólans þroskist og dafni í námi og starfi á eigin forsendum
- að hver nemandi skólans njóti virðingar og væntumþykju
- að hver nemandi skólans öðlist sterka sjálfsmynd og áræði sem gefi honum þrek og þor og stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska

- að þroska með hverjum nemanda trausta siðferðiskennd sem gerir hann að hæfum og farsælum þjóðfélagsþegn
- að skapa skólasamfélag sem einkennist af samvinnu og gagnkvæmu trausti þeirra sem það mynda

Skólastefna

Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám. Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagð að hæfileikum hans og getu frekar en að nemendur séu flokkaðir í hópa með fyrirfram skilgreinda eiginleika.

Skólabragur

Allir kennarar sjá um að vinna markvisst með og kynna Uppeldi til ábyrgðar í sínum nemendahóp. Allir umsjónarhópar gera bekkjarsáttmála. Á þemadögum í október 2009 gerðu allir bekkir sinn **sáttmála** um samskipti sem var grunnurinn að skólasáttmála sem unnin var. Til að skapa öryggi og traust í skólasamfélaginu verðum við að hafa **skýr mörk** sem styðja við sáttmála skólans. Lærdómssamfélagið í **Sunnulækjarskóla** einkennist af **gleði, vináttu** og **frelsi**.

Kennarateymi

Allir kennarar skólans vinna saman í teyllum. Umsjónarkennarar innan árgangs eða samliggjandi árganga mynda kennarateymi. Kennarateymið framkvæmir og stjórnar daglegu skólastarfi tiltekinna árganga.

Hlutverk umsjónarkennara

Kennarar í kennarateyllum skipta umsjón með nemendum milli sín og eru þeir því umsjónarkennarar tiltekinna nemanda með þeim skyldum sem því fylgir. Engu að síður er kennurum teymisins heimilt að skipta kennslu einstakra greina, námsþátta eða verkefna milli sín með þeim hætti sem best hentar á hverjum tíma, enda sé gætt jafnræðis og að vinnuálag skiptist með réttlátum hætti.

Hlutverk deildarstjóra

Meginhlutverk deildarstjóra er að stuðla að betri námsreynslu nemenda, skipuleggja og stýra skólastarfi og veita starfsfólki faglegan stuðning. Deildarstjórar eru millistjórnendur sem tilheyra stjórnunarteymi skólans.

Það er stefna skólans að vinna nemenda sé með þeim hætti að framangreindum markmiðum leiðarljóssins verði náð samhliða því að unnið sé að markmiðum aðalnámskrár grunnskólans. Stjórnendur skólans trúa því að þetta verði best gert með því að skólastarfið sé sett upp með þeim hætti sem fram kemur í grundvelli skólans. Þannig munu fjölbreyttir kennsluhættir og áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda gera skólanum kleift að þroska framangreinda þætti um leið og unnið er að öðrum markmiðum aðalnámskrár.

Sunnulækjarskóli skilgreinir starfsemi sína í skólanámskrá sem gefin er út að hausti hvert ár. Skólanámskráin er í tveimur hlutum, skólahandbók sem geymir almennar upplýsingar um skólann og námsvísur sem skilgreina frekar starfið undir stjórn hvers kennarateymis. Skólahandbókin og námsvísar eru aðgengilegir á vef skólans. Þessi gögn er einnig hægt að nálgast á prentuðu formi á skrifstofu skólans.

Auk skólahandbókar og námsvísa er starfsmannahandbók Sunnulækjarskóla. Í henni eru einstakir vinnuferlar skilgreindir og því lýst hvernig staðið er að verki í starfi skólans. Starfsmannahandbók er uppfærð reglulega og er hverjum starfsmanni ætlað að verðveita sitt eigið eintak og viðhalda því.

Við þróun þeirra starfshátta sem einkenna starf Sunnulækjarskóla er lögð áhersla á starf kennarateyma og frelsi þeirra til sjálfræðis innan þeirra marka sem grundvöllur og leiðarljós skólans markar. Samræmi í starfsemi mismunandi teyma er tryggt með skipulagðri umræðu og kynningu innan skólans svo teymin megi fá stuðning hvert af öðru og taka upp það sem best þykir í hverju tilviki. Við áframhaldandi uppbyggingu skólans verður miðað við að innan hans verði til sjálfbærar starfseiningar sem vinna á tilteknu sviði með náíð samráð sín á milli. Þannig er stefnt að því að viðhalda frumkvæði og starfsánægju starfsmanna um leið og unnið er samkvæmt niðurstöðu undirbúningshóps að stofnun skólans um virkt skólalýðræði.

3. Sjálfsmat Sunnulækjarskóla

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggir á tveimur meginþáttum, annars vegar á þeim lögum og reglugerðum sem grunnskólum landsins er ætlað að starfa eftir og mætti kalla ytri ramma og hins vegar á eigin stefnu og markmiðum í skólastarfinu eða innri viðmið.

3.1 Ytri rammi og innri viðmið

Í gildandi lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 35. og 36. grein er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt 35. grein er markmið þess að:

1. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 36. grein er kveðið á um skyldur grunnskóla um að meta eigið starf en þar segir:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (Menntamálaráðuneyti 2006, bls. 18-20) er kveðið nánar á um fyrirkomulag og viðmið innra mats (sjálfsmats) grunnskóla. Þar segir m.a.:
Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum.

Sjálfsmat Sunnulækjarskóla byggist á ofangreindum lagaákvæðum.

Innri viðmið í sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru fyrst og fremst skólastefna skólans, grundvöllur hans og leiðarljós (sjá hér að framan) ásamt mati á árangri þeirra þróunarverkefna og markmiða sem skólinn hefur sett sér á hverjum tíma.

3.2 Þróun sjálfsmats í Sunnulækjarskóla

Á fyrsta starfsári Sunnulækjarskóla, eða í byrjun árs 2005, var leitað til Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við Kennaraháskóla Íslands um að vera starfsfólki skólans til ráðgjafar um þróun skólastarfsins. Í tengslum við vinnu hans var myndaður starfshópur innan

skólans sem vann skipulega úr þeim gögnum sem Ingvar safnaði í heimsóknnum sínum í þeim tilgangi að kortleggja þau úrlausnarefni sem starfsfólk í nýjum skóla stóð frammi fyrir og meta hvernig gengi að hrinda í framkvæmd stefnumálum hans um sveigjanlega kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í skýrslunni „*Hér eru allir að hjálpa öllum*“ (Ingvar Sigurgeirsson og fl. 2005).

Næstu tvö ár var framkvæmd innra mats í Sunnulækjarskóla aðallega í höndum stjórnenda skólans sem höfðu frumkvæði að ýmsum viðhorfakönnunum ásamt því að halda til haga ýmsum þeim gögnum sem snerta mat á skólastarfinu.

Á haustmánuðum 2007 var stofnaður stýrihópur í Sunnulækjarskóla til að vinna að innra mati á starfi skólans, samkvæmt grunnskólalögum. Hópin skipuðu fimm kennarar sem komu úr ýmsum „starfssviðum“ Sunnulækjarskóla eins og deildarstjóri sérdeildar, umsjónarkennarar yngri og eldri nemenda og sérgreinakennari.

Stýrihópurinn skoðaði mismunandi leiðir sem hægt væri að fara við innra mat á skólastarfi og velja þá sem hópnun fannst vera best til þess fallin að gefa sem gleggsta mynd af stöðu skólans og sem einnig leiddi til markvissrar umbótaáætlunar. Niðurstaðan var sú að hefjast handa við greiningu á styrkleikum og veikleikum í skólastarfinu eða því sem fólki fyndist vera vel gert og því sem mætti betur fara eða sóknarfæri. (Sjá nánar um aðferð við styrk- og veikleikagreiningu hér að neðan).

Vorið 2008 gerði menntamálaráðuneytið úttekt á sjálfsmatsaðferðum Sunnulækjarskóla og var niðurstaðan sú að sjálfsmatið væri ófullnægjandi.

Vorið 2011 gerði menntamálaráðuneytið aftur úttekt á starfsemi skólans og niðurstöður ráðuneytisins liggja nú fyrir þar sem gerð er grein fyrir helstu styrkleikum skólastarfsins og einnig eru gerðar tillögur til úrbóta.

Haustið 2008 var Guðbjörg Halldórsdóttir, kennari við Sunnulækjarskóla fengin til að vinna að frekari þróun sjálfsmatsins og til að skrifa skýrslu um sjálfsmat skólans frá stofnun hans eða frá árinu 2004. Sú skýrsla lá fyrir vorið 2009 og var birt á heimasíðu skólans. Guðbjörg Halldórsdóttir hafði einnig umsjón með sjálfsmati Sunnulækjarskóla skólaárin 2009 - 2012.

3.3 Sjálfsmatsaðferð Sunnulækjarskóla

Skýrsla um sjálfsmat skólans og niðurstöður þess, ásamt þróunaráætlun verður samin árlega og kynnt fyrir starfsmönnum skólans, skólanefnd og foreldrum. Skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu skólans. Við matsvinnuna verða ýmis gögn lögð til grundvallar, m.a. kannanir frá aðilum utan skólans, kannanir sem skólinn sjálfur hefur forgöngu um að gera, styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna skólans ásamt mati á árangri nemenda t.d. í samræmdum prófum. Þær ytri og innri kannanir sem nú liggja til grundvallar sjálfsmati Sunnulækjarskóla eru þessar:

Ytri kannanir

- 2011 Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla.
- 2012 Viðhorf foreldra til grunnskóla í Árborg. Könnunin var netkönnun og framkvæmd af tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Innri kannanir

2007	Viðhorfakönnun meðal foreldra nemenda við Sunnulækjarskóla.
2008 - 2009	Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 8. bekk – Skólapúlsinn.
2009	Rafræn viðhorfakönnun meðal foreldra nemenda við Sunnulækjarskóla. (SurveyMonkey.com)
2009 – 2010	Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 9. bekk – Skólapúlsinn.
2010	Rafræn viðhorfakönnun meðal starfsmanna við Sunnulækjarskóla. (SurveyMonkey.com)
2010 – 2011	Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.
2011	Rafræn viðhorfakönnun meðal foreldra nemenda við Sunnulækjarskóla. (SurveyMonkey.com)
2011 – 2012	Nemendakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk – Skólapúlsinn.
2012	Rafræn viðhorfakönnun meðal starfsmanna við Sunnulækjarskóla. (SurveyMonkey.com)

Próf og mat á árangri nemenda

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk.

Styrk- og veikleikagreining

Styrk- og veikleikagreining er gerð árlega meðal starfsmanna skólans þar eftirfarandi gögn eru lögð til viðmiðunar: a) niðurstöður sjálfsmatsskýrslu fyrra árs, b) þróunaráætlun sú sem fylgdi í kjölfarið, c) afmarkaðir þættir í skólastarfinu sem ákveðið er að meta hverju sinni.

Styrk- og veikleikagreining vorið 2012

Árið 2012 var styrk- og veikleikagreining gerð meðal allra starfsmanna. Viðmiðunin sem lögð var til grundvallar í þetta sinn voru niðurstöður rafrænnar viðhorfakönnunar meðal starfsmanna skólans, sem gerð var fyrr um vorið, þar sem spurt var í opnum spurningum um helstu kosti og galla skólans. Þá voru einnig eftirfarandi fimm spurningar lagðar til grundvallar:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
2. Eru kennsluaðferðir og mat líklegt til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?
3. Hvernig líður nemendum í skólanum?
4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
5. Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Starfsmenn unnu styrk- og veikleikagreininguna einstaklingslega (í rafrænni könnun) og á sameiginlegum fundi allra starfsmanna fengu þeir niðurstöður úr svörum starfsmanna um helstu kosti og galla skólans. Síðan var þeim skipt í hópa til að fara yfir niðurstöðurnar og raða áhersluatriðum í forgangsröð (sjá fylgiskjal 1).

Verkáætlun og tímasetningar

Allur veturinn	Skólapúlsinn – nemendur í 6. – 10. bekk
September	Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk
Febrúar	Viðhorfakönnun meðal starfsmanna – annað hvort ár
Febrúar	Viðhorfakönnun meðal foreldra – annað hvort ár
Mars	Styrk- og veikleikagreining meðal starfsmanna
Apríl - maí	Skýrsla samin og þróunaráætlun unnin fyrir næsta/næstu skólaár
Maí	Niðurstöður sjálfsmats kynntar

Rammi fyrir matsáætlun – 4 ár

Viðfangsefni sjálfsmats	2008 - 2009	2009 - 2010	2010 - 2011	2011 - 2012
Námskrá – skipulag, stefna og markmið	x	x	x	x
Nám – námsmat – árangur	x	x	x	x
Líðan nemenda, þarfir, starfsandi og samstarf	x	x	x	x
Kennsla, starfsþróun og fagmennska		x		x
Líðan starfsfólks – starfsandi, samstarf		x		x
Stjórnun		x		x
Viðmót og menning skóla	x	x	x	
Aðbúnaður	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla	x		x	x
Ytri tengsl – samfélag	x		x	
Þróunarstarf – einstök verkefni	x	x	x	x

3.4 Matsspurningar

Á grunni laga, reglugerða og viðmiða menntamálaráðuneytisins um sjálfsmat skóla auk skólafestu Sunnulækjarskóla, grundvelli hans og leiðarljósi, eru eftirfarandi fimm matsspurningar lagðar til grundvallar við mat á þeim gögnum sem fyrir liggja og nánar verður getið um í næstu köflum. Spurningarnar eru þessar:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- Eru kennsluaðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?
- Líður nemendum vel í skólanum?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður sjálfsmats Sunnulækjarskóla en þær byggjast á þeim gögnum sem að framan er getið. Kaflanum er skipt niður í samræmi við þær fimm matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar. Í lok hvers undirkafla eru niðurstöður dregnar saman.

4.1. Stefna og stjórnun

Þau gögn sem liggja til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra sem gerðar voru árin 2009 og 2011.
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla vorin 2009, 2010, 2011 og 2012.
- Viðhorfakannanir meðal starfsmanna vorið 2010 og 2012.
- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakönnun til grunnskóla í Árborg 2012.

4.1.1 Stefna og stefnumörkun


Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur fram að skólinn hafi skýra stefnu og markmið og stjórnendur hans sterka faglega sýn.

Í styrk- og veikleikagreiningu meðal starfsmanna vorið 2011 kemur fram að þeir eru ánægðir með að ýmsar ákvarðanir eru teknar í samvinnu við þá en jafnframt koma fram óskir um virkari þátttöku starfsmanna í ákvarðanatöku og stefnumótun.


Þá koma einnig fram óskir um skýrari línur í stefnu skólans, einkum hvað varðar starfslýsingar deildarstjóra.

4.1.2 Stjórnun

Þegar niðurstöður úr viðhorfakönnun meðal foreldra frá árinu 2009 eru skoðaðar kemur í ljós að 68% foreldra telja að mjög eða frekar vel takist til við stjórnun skólans, rúmlega 25% eru hlutlaus og tæplega 7% telja að frekar eða mjög illa takist til. Árið 2011 telja 81% foreldra að mjög eða frekar vel takist til við stjórnun skólans, 15% eru hlutlaus og 4% telja að mjög eða frekar illa takist til.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að foreldra barna í Sunnlækjarskóla eru ánægðari með stjórn skóla barnsins (83%) en foreldrar grunnskólabarna í Árborg almennt (77%).




Í styrk- og veikleikagreiningu meðal starfsmanna vorið 2012 kemur fram að starfsmenn eru ánægðir með stjórn skólans.

Í styrk- og veikleikagreiningu meðal kennara vorið 2009 kemur skýrt fram að kennarar eru ánægðir með samskipti sín við stjórnendur. Þar kemur einnig fram að kennarar eru ánægðir með deildarstjóra skólans.

Sömu sögu er að segja um styrk- og veikleikagreiningu meðal kennara vorið 2011. Þar kemur einnig skýrt fram að kennarar eru ánægðir með samskipti sín við stjórnendur og með stjórnun skólans. Þó koma þar fram athugasemdir varðandi deildarstjóra, aðallega um að þeir þyrftu að

fylgja agamálum betur eftir. Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur einnig fram að skýra þurfi og auka stjórnunarábyrgð deildarstjóra.

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 86,8% starfsmanna telja samvinna sína við stjórnendur mjög eða frekar góða, 13,2% telja hana ásættanlega og enginn telur hana slæma. Í sams konar könnun meðal starfsmanna vorið 2012 segja 92,2% starfsmanna að samvinna þeirra við stjórnendur séu mjög eða frekar góð, 7,8% segja að hún sé ásættanleg og enginn segir að hún sé slæm.



Í tillögum starfsmanna að forgangsverkefnum fyrir skólaárið 2012 – 2013 eru fáein atriði nefnd sem snerta stjórnunina, einkum betra upplýsingaflæði, markvissari fundir og sýnilegri eftirfylgni í agamálum.

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna 2012 telja 84,1% starfsmanna að vinnuframlag þeirra sé mjög eða frekar mikils metið af stjórnendum, 14,3% telja að það sé sæmilega metið og 1,6% telja að það sé frekar lítils metið og er það jákvæðari útkoma en árið 2010.

Þá kemur fram, bæði í fyrri könnunum og í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2011 að meðal þeirra atriða sem starfsmenn eru einna ánægðastir með og tilgreina sem helstu kosti skólafaris eru góðir stjórnendur sem auðvelt er að leita til.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu kostum skólafarisins séu góðir stjórnendur.

Í úttekt á Sunnulækjarskóla sem gerð var af menntamálaráðuneytinu vorið 2011 kemur fram að skólastjórnendur hafi sterka faglega sýn, allir kennarar hafi kennsluréttindi og að almenn ánægja sé með skólann og stjórnun hans hjá starfsmönnum, nemendum, sveitarfélagi og foreldrum.

Þá kemur einnig fram að skólanámskrá sé mjög skýr og skólinn hafi frá upphafi lagt áherslu á að meta starfið og sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggi fyrir. Hins vegar þurfi meiri

samfella að vera í innra mati skólans, einfalda þurfi sjálfsmatsskýrslu og kynna matið betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

4.1.3 Samantekt

Stefna og stefnumörkun:

Sunnulækjarskóli hefur skýra stefnu og markmið að mati menntamálaráðuneytisins. Starfsmenn eru ánægðir með að ýmsar ákvarðanir eru teknar í samvinnu við þá en óska jafnframt eftir enn virkari þátttöku í ákvarðanatökum og stefnumótun. Vorið 2011 koma fram óskir um skýrari línur, einkum hvað varðar starfslýsingar deildarstjóra.

Stjórnun:

Foreldrar hafa almennt verið ánægðir með stjórnun skólans og ánægjan mælist meiri nú á árinu 2012 en hún hefur áður mælst. Þá mælist ánægja foreldra í Sunnulækjarskóla meiri en ánægja foreldra almennt í Árborg. Starfsmenn eru ánægðir með samskipti sín við stjórnendur og með stjórnun skólans og tilgreina góða stjórnendur sem auðvelt er að leita til sem einn helsta kost skólans. Þó kemur fram, bæði hjá starfsmönnum og menntamálaráðuneytinu, að skýra þurfi stjórnunarlega ábyrgð deildarstjóra. Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur fram að allir kennarar við skólann hafa kennsluréttindi, skólanámskrá sé skýr, sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir. Hins vegar þurfi meiri samfella að vera í innra mati skólans, einfalda þurfi sjálfsmatsskýrslu og kynna matið betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

Sterkar hliðar 2012:

- Skólinn hefur skýra stefnu og markmið (úttekt menntamálaráðuneytisins).
- Skólastjórnendur hafa sterka faglega sýn (úttekt menntamálaráðuneytisins).
- Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans.
- Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru ánægðari með stjórn skólans en foreldrar í Árborg almennt.
- Starfsmenn eru ánægðir með samskipti sín við stjórnendur.
- Starfsmenn eru ánægðir með samvinnu sína við stjórnendur.
- Góðir stjórnendur sem auðvelt er að leita til (starfsmenn).
- Starfsmenn telja að vinnuframlag þeirra sé mikils metið af stjórnendum.
- Allir kennarar með kennsluréttindi.
- Skólanámskrá er skýr (menntamálaráðuneytið).
- Sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir.

Veikar hliðar – sóknarfæri 2012:

- Skýra þarf og auka stjórnunarábyrgð deildarstjóra (menntamálaráðuneytið, starfsmenn)
- Meiri samfella þarf að vera í innra mati skólans og einfalda þarf sjálfsmatsskýrslu (menntamálaráðuneytið).
- Innra matið þarf að kynna betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins (menntamálaráðuneytið).
- Bæta þarf upplýsingaflæði (starfsmenn).
- Fundir þurfa að vera markvissari (starfsmenn).
- Eftirfylgni í agamálum þarf að vera sýnilegri (starfsmenn).


4.2 Nám og kennsla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Viðhorfakannanir meðal foreldra sem gerðar voru árin 2009 og 2011.
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla vorin 2009, 2010, 2011 og 2012.
- Skólapúlsinn – viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk.
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk frá árunum 2005 - 2010.
- Viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 og 2012.
- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakönnun til grunnskóla í Árborg 2012.

4.2.1 Einstaklingsmiðað nám

Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 kemur í ljós að 72% þeirra telja að skólanum takist mjög eða frekar vel að koma til móts við námslegar þarfir barnsins, 23% sæmilega og 5% frekar eða mjög illa. Árið 2011 telja 82% foreldra að skólinn komi mjög eða frekar vel til móts við námslegar þarfir nemenda, 15% sæmilega og 3% frekar eða mjög illa.



Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn eru ánægðir með og tilgreina sem helstu kosti skólastarfsins er einstaklingsmiðað nám.


Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 er einstaklingsmiðað nám ein af sterkustu hliðum skólastarfsins að þeirra mati.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu kostum skólastarfsins sé einstaklingsmiðað nám.


4.2.2 Viðhorf nemenda til náms

Skólapúlsinn mælir **virkni nemenda í skólanum** og viðhorf þeirra til ýmissa þátta námsins.


Ánægja af lestri mælist svipuð í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu bæði árin.




Trú nemenda á að þeir hafi stjórn á eigin árangri er heldur minni í Sunnulækjarskóla en á landsvísu.




Þrautseigja í námi mælist svipuð í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu að meðaltali skólaárið 2009 – 2010 en á skólaárunum 2010 – 2012 mælist hún heldur minni en á landsvísu.




Áhugi á stærðfræði mælist svipaður í Sunnulækjarskóla að meðaltali og á landinu öllu árið 2009 – 2010 en fer minnkandi næstu tvö skólaár.




Persónulegt gildi náttúruvísinda mælist nokkuð minna í Sunnulækjarskóla að meðaltali en á landinu öllu fyrri tvö skólaárin en nokkuð svipað skólaárið 2011 - 2012.




Þátttaka í íþróttum og/eða líkamsrækt er svipuð í Sunnulækjarskóla og á landsvísu.



Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi (ný mæling skólaárið 2010 – 2011) er svipuð og á landinu öllu.



Trú nemenda á eigin námsgetu (ný mæling skólaárið 2010 – 2011) er nokkuð minni í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu skólaárið 2010 – 2011 en mælist svipuð og á landinu skólaárið 2011 - 2012.



4.2.3 Virkni nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2011 – 2012 eru skoðuð kemur mikill munur í ljós á milli þeirra.

Ánægja af lestri mælist meiri í 7. bekk í Sunnulækjarskóla (núverandi 8. bekk) en á landsvísu og er það eini þátturinn sem kemur betur út hjá nemendum í skólanum en hjá jafnöldrum þeirra almennt, miðað við þessar mælingar. 9. bekkur (núverandi 10. bekkur) hefur svipað viðhorf til náms og jafnaldrar þeirra almennt á landinu. Hins vegar kemur 8. bekkur (núverandi 9. bekkur) illa út en þar mælast 7 atriði af 8 lakar en á landsvísu.

Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Ólitaður reitur táknar minni mun en 0,5.

	6. b. (núv. 7. b.)	7. b. (núv. 8. b.)	8. b. (núv. 9. b.)	9. b. (núv. 10. b.)	10. b. (útskrifuð)
Ánægja af lestri					
Stjórn á eigin árangri					
Þrautseigja í námi					
Áhugi á stærðfræði					
Persónulegt gildi náttúruvísinda					
Íþróttir / líkamsrækt					
Trú á eigin vinnubrögðum í námi					
Trú á eigin námsgetu					

Virgni nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2011 – 2012 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra, bæði miðað við svör kynjanna á landsvísu og eins milli stelpna og stráka í Sunnulækjarskóla.

Stelpur í Sunnulækjarskóla hafa meiri ánægju af lestri en strákar í Sunnulækjarskóla, þeim finnst þær vera þrautseigari í námi og hafa meiri áhuga á stærðfræði en þeir.


Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla eru borin saman við svör kynjanna á landinu öllu sést að stelpur í skólanum koma ver út en stelpur almennt á landinu í tveimur þáttum: stjórn á eigin árangri og áhuga á stærðfræði en strákar koma ver út í þremur þáttum: stjórn á eigin árangri, þrautseigju í námi og áhuga á stærðfræði.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	Samanburður á stelpum og strákam í Sunnulækjarskóla		Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar
Ánægja af lestri				
Stjórn á eigin árangri				
Þrautseigja í námi				
Áhugi á stærðfræði				
Persónulegt gildi náttúruvísinda				
Íþróttir / Líkamsrækt				
Trú á eigin vinnubrögðum í námi				
Trú á eigin námsgetu				

Í Skólapúlsinum er einnig mæld virk þátttaka nemenda í tímum en þá er spurt um hvort nemendur fái tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar, tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri, hvort haldnar séu kappræður eða skipulagðar umræður og hvort þeir ræði saman um námsefnið.


Öll þrjú skólaárin mælist virk þátttaka nemenda í Sunnulækjarskóla í tímum vera svipuð og hjá samanburðarhópnum.




Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að allir kennarar telja að þorri nemenda þeirra sé mjög eða frekar virkur í kennslustundum.

4.2.4 Kennsla og kennsluaðferðir

Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 kemur í ljós að 73% þeirra telja að kennsluaðferðir skólans komi mjög eða frekar vel til móts við barn þeirra, 20% sæmilega og 7% frekar eða mjög illa. Árið 2011 telja 80% foreldra að kennsluaðferðir skólans komi mjög eða frekar vel til móts við nemendur, 16% sæmilega og 3% frekar eða mjög illa.




Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur í ljós að 50% kennara telur að þeim gangi mjög eða frekar vel að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda en 60% þeirra telja að þeim gangi það mjög eða frekar vel vorið 2012.



Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 segja 78% kennara að kennsluaðferðir þeirra séu mjög eða frekar fjölbreyttar en vorið 2012 telja 81% þeirra þær séu mjög eða frekar fjölbreyttar.


Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 og í styrk- og veikleikagreiningunum vorin 2011 og 2012 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn eru ánægðir með og tilgreina sem helstu kosti skólastarfsins eru fjölbreyttir kennsluhættir.



Í tillögum starfsmanna að forgangsverkefnum fyrir skólaárið 2012 – 2013 kemur fram að endurskoða þurfi kennsluaðferðir með tilliti til kynja. Þá þurfi að auka framboð á starfstengdu námi og auka fjölbreytni í kennslu á unglingastigi.


Í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2010 – 2011 var aukin samfella eitt af áherslunum. Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2011 kemur fram að kennarar kalla eftir enn frekari vinnu við námsmarkmið, þrepamarkmið, námsvísa og samfellu milli árganga.

Skólapúlssinn mælir viðhorf nemenda til stuðnings kennara við þá eða hvort kennarar sýni áhuga á námi sérhvers nemanda, veiti auka aðstoð ef á þarf að halda, útskýri og hlusti. Skólaárið 2009 – 2010 telja nemendur Sunnulækjarskóla enn að stuðningur kennara við þá sé betri en samanburðarhópurinn telur. Sá munur minnkar örlítið milli ára.



Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn eru ánægðir með og tilgreina sem helstu kosti skólastarfsins er góð samvinna kennara og nemenda.

Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg vorið 2012 kemur fram að viðhorf foreldra í Sunnlækjarskóla til viðmóts umsjónarkennara í samskiptum við barnið er svipað og viðhorf foreldra í Árborg.



Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu göllum skólastarfsins sé að það vanti verkgreinakennslu fyrir yngstu nemendurna og þeir setja úrbætur í þeim málum ofarlega á blað sem brýnustu forgangsverkefni fyrir skólaárið 2011 – 2012.

Það sama kemur fram í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 en það telja þeir að ein af veikustu hliðum Sunnlækjarskóla sé lítil list- og verkgreinakennsla yngstu

nemendanna. Í forgangsróðun kennara varðandi umbótaverkefni fyrir skólaárið 2011 – 2012 er bætt verkleg kennsla á yngsta stig sett í fjórða sæti.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur einnig fram að skoða þurfi óánægju með skipulag sérgreinakennslu á yngsta stigi og finna leiðir til úrbóta.

Í tillögum starfsmanna að forgangsverkefnum fyrir skólaárið 2012 – 2013 er bætt kennsla í upplýsinga- og tæknimennt nefnd sem eitt af forgangsatríðum.


4.2.5 Námsmat

Í styrk- og veikleikagreiningunni árið 2009 kemur fram að kennarar telja að námsmat þurfi að vera einfaldara og þar vanti samræmingu.


Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn nefna að þurfi að vera í forgangi í þróunarvinnu næsta vetur er samræming og einföldun á námsmati.

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 eru kennarar ánægðir með þær breytingar sem gerðar höfðu verið á námsmati í skólanum, einkum notkun verkefnabóka, skráningu námsmarkmiða og námsframvindu í Mentor. Jafnframt er bent á ýmis atriði sem betur mætti fara að mati kennara varðandi námsmatið.


Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2011 telja 67% foreldra gagnlegast að fá upplýsingar um námsgengi barnsins í umsögnum og tölum, 34% telja gagnlegast að fá umsagnir, 29% telja gagnlegast að fá einkunnir í tölum, 23% telja gagnlegast að fá upplýsingarnar með markmiðslistum og 19% telja gagnlegast að fá þær í sýnismöppum verkefna.




Í viðhorfakönnun foreldra í Árborg 2012 sést að 81% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með hvernig umsjónarkennari fylgist með frammistöðu barnsins í námi og er það mjög svipað hlutfall og hjá foreldrum í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra í Árborg 2012 sést að 88% foreldra í Sunnulækjarskóla segja að áhersla skólans á próf sé hæfileg og er það mjög svipað hlutfall og hjá foreldrum í Árborg í heild eða 87%.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 78% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að námsmat skólans gefi nægilegar upplýsingar um námslega stöðu barnsins að flestu eða öllu leyti en 74% foreldra í Árborg almennt telja að svo sé.



4.2.6 Stoðkerfi

Í styrk- og veikleikagreiningunni árið 2009 meðal kennara kemur fram nokkur óánægja með framkvæmd sérkennslu í skólanum. Meðal annars er bent á að það þurfi meiri stöðugleika með því að færri kennarar sinni kennslunni og þá með fleiri tíma hver og að það vanti samhæfingu á vinnu sérkennaranna og skýrari stefnu.

Í styrk- og veikleikagreiningunni árið 2009 meðal kennara kemur fram mikil ánægja með ráðningu námsráðgjafa við skólann og þann árangur sem námsráðgjöfin hefur borið.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn eru óánægðir með og tilgreina sem helstu galla skólastarfsins er að sérkennslan sé laus í reipunum og það vanti úrræði fyrir ákveðinn hóp. Þá kemur einnig fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn nefna að þurfi að vera í forgangi í þróunarvinnu næsta vetur er bætt skipulag sérkennslu.

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 nefna þeir stoðkerfi skólans sem veikustu hlið hans.


Í viðhorfakönnun meðal kennara vorið 2010 segja 31% kennara að stuðnings- og sérkennslan nýtist nemendum mjög eða frekar vel en vorið 2012 segja hins vegar 80% kennara að hún nýtist þeim mjög eða frekar vel.




Í opinni spurningu í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2012 kemur fram að starfsmenn eru ánægðir með sérkennsluúrræði á unglíngastigi, Stapa, og telja að það hafi reynst mjög vel.

Í tillögum starfsmanna að forgangsverkefnum fyrir skólaárið 2012 – 2013 kemur skýrt fram að starfsmenn leggja áherslu á að nemendur á miðstigi hafi aðgang að svipuðu úrræði og Stapi er fyrir nemendur á unglíngastigi.


Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að svipað hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla (25%) segja að barnið hafi fengið sérstakan stuðning eða sérkennslu í skólanum og foreldra í Árborg í heild (26%).



Í sömu viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur einnig fram að 87% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með þann stuðning eða sérkennslu sem barnið þeirra fékk en 80% foreldra í Árborg almennt segist vera ánægt.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 7% foreldra í Sunnulækjarskóla segja að barn þeirra hafi fengið sálfræðipjónustu á skólaárinu á móti 9% foreldra í Árborg almennt. Í Sunnulækjarskóla segjast allir foreldrar (100%) sem eiga börn sem hafa fengið sálfræðipjónustu á skólaárinu vera ánægðir með þjónustuna en aðeins 81% foreldra í Árborg almennt




4.2.7 Námsárangur


Meðaltal námsárangurs nemenda í Sunnulækjarskóla í samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk ásamt samanburðartölum frá Suðurlandi og landinu í heild sinni frá árinu 2007 er sýnd í eftirfarandi töflum:




Útkoma í stærðfræði hefur farið batnandi þrjú undanfarin ár miðað við útkomu á Suðurlandi og á landinu í heild og árið 2011 var útkoma 4. bekkjar í Sunnulaekjarskóla í fyrsta sinn betri en á bæði á Suðurlandi og á landinu í heild að meðaltali.




Útkoma í íslensku hefur einnig farið batnandi þrjú undanfarin ár miðað við útkomu á Suðurlandi og á landinu í heild og árið 2011 var útkoma 4. bekkjar í Sunnulaekjarskóla jöfn Suðurlandsmeðaltalinu en aðeins lakari en á landinu í heild.




Útkoma í stærðfræði hefur verið lakari í 7. bekk öll starfsár skólans fyrir utan árið 2010 sé miðað bæði við Suðurlandsmeðaltal og landsmeðaltal. Hins vegar er rétt að benda á að um verulegar framfarir í stærðfræði er að ræða hjá árganginum sem tók 7. bekkjarprófin árið 2011 sé horft til árangurs árgangsins í stærðfræði á 4. bekkjarprófunum.




Almennt kemur 7. bekkur í Sunnulaekjarskóla betur út í íslensku en stærðfræði. Útkoma í íslensku í 7. bekk hefur yfirleitt verið svipuð útkomunni á Suðurlandi en árið 2010 var útkoma 7. bekkjar í Sunnulaekjarskóla betri en bæði á Suðurlandi og á haldinu í heild. Árið 2011 er 7. bekkur í Sunnulaekjarskóla jafn Suðurlandsmeðaltalinu en heldur lægri en landsmeðaltalið en sé horft á árangur þessa árgangs í 4. bekk er hér um umtalsverðar framfarir að ræða.



Stærðfræði í 10. bekk í Sunnulaekjarskóla kemur ver út en á Suðurlandi og á landinu í heild bæði árið 2010 og 2011.




Árangur í íslensku í 10. bekk í Sunnulaekjarskóla árið 2010 er lakari en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild en árið 2011 er árangurinn betri en á Suðurlandi og jafn landsmeðaltalinu.



Niðurstaða samræmdra prófa í ensku í 10. bekk Sunnulækjarskóla bæði árið 2010 og 2011 er sú sama og á Suðurlandi að meðaltali en heldur lægri en á landinu öllu.


Í úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla vorið 2011 kemur fram að skoða þurfi betur í ástæður lakrar frammistöðu nemenda á samræmdum prófum.

Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að enginn munur er á hlutfalli foreldra í Sunnulækjarskóla og í Árborg almennt sem eru ánægðir með þær námslegu kröfur sem gerðar eru til barna þeirra.




4.2.8 Heimanám


Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að lítil munur er á hlutfalli foreldra í Sunnulækjarskóla (69%) og í Árborg almennt (70%) sem telja að áherslur skólans á heimavinnu barnsins séu hæfilegar.




Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 telja 71% foreldra að heimavinna barnsins þeirra sé hæfileg, 7% telja hana vera of eða frekar mikla og 22% telja hana frekar eða of litla. Árið 2011 telja 72% foreldra að heimavinnan sé hæfileg, 9% telja hana frekar eða of mikla og 19% telja hana frekar eða of litla.




Í sömu könnun árið 2009 kemur fram að 82% foreldra telja að heimavinna barnsins sé mjög eða frekar gagnleg, 14% eru hlutlaus og 4% telja hana frekar eða alveg gagnslausa. Árið 2011 telja 76% foreldra að heimavinnan sé mjög eða frekar gagnleg, 22% eru hlutlaus og 2% telja hana frekar eða alveg gagnslausa.



Í Skólaláttunum er spurt um mikilvægi heimavinnu og nemendur spurðir hvort þeir klári heimavinnuna á réttum tíma, hvort kennararnir fari yfir heimvinnuna, hvort þeir fái heimaverkefni sem þeim finnst áhugaverð og hvort heimavinna sé hluti af lokaeinkunn. Skólaárið 2009 – 2010 sýnir Skólaláttunin að mikilvægi heimavinnu er svipað að meðaltali að álitni nemenda Sunnulækjarskóla og samanburðarhópsins. Árið 2010 – 2011 og árið 2011 – 2012 telja nemendur á landinu öllu mikilvægi heimavinnu í náminu vera mun meira að meðaltali en nemendur í Sunnulækjarskóla.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 77% foreldra í Sunnulækjarskóla aðstoða barn sitt við heimanám oft eða alltaf á móti 73% foreldra í Árborg í heild.




4.2.9 Aðstaða nemenda og námsumhverfi


Í viðhorfakönnun meðal foreldra sem gerð var árið 2009 telja 74% foreldra að sú aðstaða sem skólanum sé búin sé mjög eða frekar góð, 19% finnst hún í lagi og 7% finnst henni ábótavant eða mjög ábótavant. Árið 2011 telja 65% foreldra að sú aðstaða sem skólanum sé búin sé mjög eða frekar góð, 21% finnst hún í lagi og 14% telja að henni sé ábótavant eða mjög ábótavant.




Í viðhorfakönnun meðal foreldra sem gerð var árið 2009 telja 71% foreldra að fyrirkomulag á mötuneyti skólans sé mjög eða frekar gott, 22% telja það sæmilegt og 7% telja það frekar eða mjög slæmt. Árið 2011 telja 76% foreldra að fyrirkomulagið á mötuneyti skólans sé mjög eða frekar gott, 17% finnst það sæmilegt og 7% telja það frekar eða mjög slæmt. Þá segja 67% foreldra að þeim líki mjög eða frekar vel við matseðil í mötuneyti skólans, 26% segja að þeim líki hann sæmilega og 7% að þeim líki hann frekar eða mjög illa.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 85% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með þær máltíðir sem barnið fær í mötuneyti á mótí 58% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 81% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með leikaðstöðu á skólalóð á móti 49% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 90% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar á móti 69% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 56% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi á móti 52% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 43% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með aðgang nemenda að tölvum á móti 36% foreldra í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 67% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með aðstöðu fyrir verklegar greinar á móti 52% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 83% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með almennt ástand húsnæðis á móti 60% foreldra í Árborg í heild.



Í styrk- og veikleikagreiningunni árið 2009 kemur fram að kennarar telja að aðstaða til náms sé fjölbreytt.

Í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 sést að 53,1% kennara telur að vinnuaðstaða nemenda sé mjög eða frekar góð í skólanum, 25% telja að hún sé ásættanleg og 21,9% telja að vinnuaðstaðan sé frekar eða mjög slæm. Þeir kennarar sem tjá sig frekar um þennan þátt nefna einkum þrengsli og hávaða á vinnusvæðum sem gerir aðstöðuna slæma.



Úrbætur varðandi hávaða á vinnusvæðum nemenda var eitt þeirra atriða sem starfsmenn skólans settu sem forgangsverkefni fyrir skólaárið 2010 – 2011.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu kostum skólastarfsins sé nýr og flottur skóli og einnig nefna nokkrir opinn skóla. Hins vegar nefna foreldrar opinn skóla eða opin kennslusvæði sem helsta galla skólans.


Þrengsli á kennslusvæðum er ofarlega á blaði þegar kemur að helstu göllum skólastarfsins að mati foreldra. Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 eru þrengsli á vinnusvæðum ákveðinna árganga nefnd sem ein veikasta hlið skólastarfsins. Lélegur tölvukostur er einnig á þeim lista en ekki eins ofarlega á blaði og þrengslin. Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur einnig fram að skoða þurfi hvernig koma megi til móts við þrengsli á yngsta stigi.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að bætt aðstaða nemenda ætti að vera brýnasta forgangsverkefni skólans skólaárið 2011 – 2012. Efst á blaði er bygging sundlaugar og síðan að bæta úr þrengslum, bæta aðstöðu skólavistunar og loka kennslustofum.

Í styrk- og veikleikagreiningu meðal starfsmanna vorið 2012 kemur fram að starfsmenn telja að ýmislegt varðandi húsnæði og aðstöðu séu veikustu hliðar skólans. Þar eru oftast nefnd atriði eins og þrengsli, opin rými, hávaði og kliður á vinnusvæðum og of stórir bekkir.

Í forgangsroðun starfsmanna fyrir brýnustu verkefni skólaársins 2012 – 2013 setja þeir efst á forgangslistann ýmis atriði sem snerta húsnæði, aðbúnað og aðstöðu. Þörfin á betra húsnæði fyrir skólavistun er þar efst á blaði, ósk um betra aðgengi að tölvum og sérstaka tölvustofu kemur þar á eftir og síðan atriði eins og þrengsli, opin rými og skortur á tækjum eins og skjávörpum.

Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að mesta ánægjan er meðal foreldra með líðan barns og samskipti starfsmanna við foreldra og barnið en einungis 24% foreldra sem eiga barn í skólavistun segist vera ánægt með húsnæðið.



4.2.10 Samantekt

Einstaklingsmiðað nám:

Foreldrar og starfsmenn telja að einstaklingsmiðað nám sé ein að styrkustu stöðum skólans og foreldrar telja í auknum mæli milli ára að skólanum takist vel að koma til móts við námslegar þarfir barnanna.

Viðhorf nemenda til náms:

Svör nemenda í 6. – 10. bekk Sunnlækjarskóla í Skólapúlsinum gefa til kynna að nemendur skólans hafi minni trú á að þeir hafi stjórn á eigin árangri, hafi minni þrautseigju í námi, hafi minni áhuga á stærðfræði og hafi minni trú á eigin námsgetu en nemendur á landinu í heild. Nemendur í Sunnlækjarskóla koma svipað út og nemendur á landsvísu þegar kemur að ánægju af lestri, þátttöku í íþróttum / líkamsrækt, trú á persónulegu gildi náttúruvísinda og trú á eigin vinnubrögð í námi. Þá er virk þátttaka þeirra í tímum sambærileg við landið í heild. Viðhorf nemenda í 9. bekk (núverandi 10. bekk) til náms eru mjög svipuð og jafnaldra þeirra á landinu öllu en hins vegar eru viðhorf nemenda í 8. bekk (núverandi 9. bekk) mun neikvæðari í flestum þáttum en jafnaldra þeirra á landinu. Stúlkur í Sunnlækjarskóla hafa meiri ánægju af lestri, eru þrautseigari í námi og hafa meiri áhuga á stærðfræði en drengir í Sunnlækjarskóla. Stúlkur í Sunnlækjarskóla finnast þær ekki hafa eins mikla stjórn á eigin árangri og hafa minni áhuga á stærðfræði en stúlkur almennt á landinu öllu og strákar í Sunnlækjarskóla koma einnig ver út en strákar á landinu öllu að meðaltali í þessum sömu þáttum auk þess sem þeir virðast hafa minni þrautseigju í námi en þeir.

Kennsla og kennsluaðferðir:

Starfsmenn og foreldrar virðast vera á einu máli um að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og komi til móts við þarfir nemenda og styrkist sú skoðun á milli mælinga. Vorið 2012 leggja

starfsmenn áherslu á að endurskoða þurfi kennsluaðferðir með tilliti til kynjanna, auka framboð á starfstengdu námi og auka fjölbreytni í kennslu á unglingastigi. Aukin samfella í kennslu milli árganga var ein af áherslum í umbótaáætlun skólans, á skólaárinu 2010 – 2011 og var aftur ofarlega á forganglista starfsmanna vorið 2011 en er ekki áberandi vorið 2012. Stuðningur kennara við nemendur er heldur meiri að mati nemenda en gerist á landinu og ánægja foreldra með viðmót umsjónarkennara í samskiptum við barnið er svipuð og viðhorf foreldra almennt í Árborg. Hins vegar eru hvorki foreldrar né starfsmenn ánægðir með litla verkgreinakenndu á yngsta stigi. Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að skoða þurfi óánægju með skipulag sérgreinakenndu á yngsta stig og finna leiðir til úrbóta. Vorið 2012 óska starfsmenn eftir bættri kennslu í upplýsinga- og tæknimennt.

Námsmat:

Í umbótaáætlun skólans skólaárið 2010 – 2011 var vinna að einfaldara námsmati eitt af áhersluatriðunum. Kennarar eru ánægðir með þær breytingar sem gerðar voru í framhaldinu eða meiri notkun á Mentor (verkefnabækur, námsmarkmið og námsframvinda). Skoðun foreldra er sú að gagnlegast sé að fá upplýsingar um námsgengi barnanna bæði með umsögnum og tölum. Foreldrar barna í Sunnulækjarskóla eru almennt ánægðir með hvernig umsjónarkennarar fylgjast með frammistöðu barnanna í námi og telja að áhersla á próf sé hæfileg og er viðhorf þeirra mjög svipuð viðhorfum foreldra í Árborg almennt til þessara þátta. Hins vegar eru heldur fleiri foreldrar í Sunnulækjarskóla en í Árborg sem telja að námsmatið gefi nægilegar upplýsingar um námslega stöðu barnanna.

Stoðkerfi:

Á árunum 2009 – 2011 kom fram óánægja hjá starfsmönnum með sérkennsluna í skólanum, bæði skipulag hennar og hvernig hún nýttist nemendum. Í umbótaáætlun skólans skólaárið 2010 – 2011 var stoðkerfið eða sérkennslan eitt af áhersluatriðunum. Vorið 2012 lýsa starfsmenn hins vegar yfir ánægju með sérkennsluna, einkum Stapa, sem er nýtt úrræði fyrir unglunga. Þó leggja þeir áherslu á að sambærilegt úrræði þurfi fyrir nemendur á miðstigi. Svipað hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla og í Árborg segja að barnið þess að fengið sérstakan stuðning eða sérkennslu á síðastliðnu skólaári en foreldrar í Sunnulækjarskóla eru almennt ánægðari, bæði með sérkennsluna og sálfræðipjónustuna en foreldrar í Árborg.

Námsárangur:

Árangur í samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk hefur oftast verið undir meðaltali bæði í íslensku og stærðfræði miðað við niðurstöður á Suðurlandi og á landinu öllu en árangurinn hefur þó farið batnandi. Á síðasta ári var árangur 4. bekkjar í stærðfræði í fyrsta sinn betri en bæði á Suðurlandi og á landinu í heild að meðaltali og jafn Suðurlandsmeðaltalinu í íslensku. Í 7. bekk var árangurinn í stærðfræði lakari en bæði á Suðurlandi og á landinu öllu og lakari í íslensku en á landinu en jafn Suðurlandsmeðaltalinu. Í 10. bekk var árangurinn lakari í stærðfræði en á Suðurlandi og á landinu öllu, hins vegar var árangurinn betri en á Suðurlandi í íslensku og jafn landsmeðaltalinu og í ensku var útkoma Sunnulækjarskóla sú sama í ensku og á Suðurlandi en aðeins lakari en útkoman á landinu í heild. Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur fram að rýna þurfi betur í ástæður lakrar frammistöðu nemenda á samræmdum prófum.

Heimanám:

Foreldrar telja í flestum tilvikum að heimavinna barns þeirra sé hæfileg. Mjög fáir telja að hún sé of mikil. Ekki kemur fram munur á viðhorfum foreldra í Sunnulækjarskóla og Árborg almennt til þess hvort áherslur skólanna á heimanám séu hæfilegar. Mikilvægi heimavinnu er hins vegar mun minna í Sunnulækjarskóla en á landinu öllu að meðaltali miðað við svör

nemenda í Skólaláttunum. Fleiri foreldrar í Sunnulækjarskóla virðast aðstoða barn sitt við heimanám en almennt gerist í Árborg.

Aðstaða:

Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru mun ánægðari með ýmsa aðstöðu í skólanum en foreldrar í Árborg almennt, m.a. mótuneyti, leikaðstöðu á skólalóð, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu fyrir verklegar greinar og almennt ástand húsnæðisins. Ánægja foreldra og starfsmanna með aðstöðu nemenda í skólanum er þó heldur minni nú en fyrir tveimur árum. Þrengsli á svæðum ákveðinna árganga er eitt af áhyggjuefnum foreldra og starfsmanna og menntamálaráðuneytið nefnir vorið 2011 að skoða þurfi hvernig koma megi til móts við þrengsli á yngsta stigi. Auk þrengslanna nefna foreldrar opin kennslurými sem galla, sundlaug vanti og húsnæði skólavistunar þurfi að bæta. Starfsmenn eru einnig óánægðir með húsnæði skólavistunar og telja það einn veikasta hlekk skólans, auk þess nefna þeir að kennslurými sé of opið, bekkir séu of stórir, hávaði sé á vinnusvæðum, tölvur séu lélegar, tölvustofu vanti og skortur sé á tækjum eins og skjávrörum.

Sterkar hliðar 2012:

- Einstaklingsmiðað nám (foreldrar og kennarar).
- Kennsluaðferðir koma til móts við nemendur (foreldrar).
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir (foreldrar og starfsmenn).
- Námsmat – Mentor (starfsmenn).
- Námsmat gefur nægar upplýsingar um námslega stöðu barnsins (foreldrar).
- Ánægja með sérkennsluárræði á unglingsstigi, Stapa (starfsmenn).
- Ánægja með sérstakan stuðning eða sérkennslu (foreldrar og starfsmenn).
- Ánægja með sálfræðipjónustu (foreldrar).
- Árangur í stærðfræði í 4. bekk á samræmdum prófum.
- Foreldrar aðstoða barnið við heimavinnu (foreldrar).
- Mötuneyti nemenda (foreldrar).
- Leikaðstaða á skólalóð (foreldrar).
- Aðstaða til íþróttaiðkunar (foreldrar).
- Aðstaða fyrir verklegar greinar (foreldrar).
- Almennt ástand húsnæðis (foreldrar).
- Nýr og flottur skóli (foreldrar).

Jafnvægi miðað við aðra skóla 2012:

- Ánægja af lestri (nemendur).
- Persónulegt gildi náttúruvísinda (nemendur). *Eykst á milli ára.*
- Þátttaka í íþróttum / líkamsrækt (nemendur).
- Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi (nemendur).
- Trú nemenda á eigin námsgetu (nemendur). *Eykst á milli ára.*
- Virkni nemenda í 9. bekk (núverandi 10. bekk).
- Virk þátttaka nemenda í tímum (nemendur).
- Stuðningur kennara við nemendur (nemendur).
- Viðmót umsjónarkennara í samskiptum við barnið (foreldrar).
- Hvernig umsjónarkennari fylgist með frammistöðu barnsins í námi (foreldrar).
- Áhersla á próf (foreldrar).
- Fjöldi nemenda sem nýtur stuðnings- eða sérkennslu (foreldrar).
- Árangur í íslensku í 4., 7. og 10. bekk á samræmdum prófum.

- Árangur í samræmdum prófum í 10. bekk í ensku.
- Námslegar kröfur til barns (foreldrar).
- Áhersla á heimavinnu (foreldrar).

Veikar hliðar – sóknarfæri 2012:

- Trú nemenda á að þeir hafi stjórn á eigin árangri (nemendur).
- Þrautseigja í námi (nemendur).
- Áhugi á stærðfræði (nemendur). *Minnkar á milli ára.*
- Virkni nemenda í 8. bekk (núverandi 9. bekk) (nemendur).
- Strákar í Sunnulækjarskóla hafa minni ánægju af lestri, minni þrautseigju í námi og minni áhuga á stærðfræði en stelpur í Sunnulækjarskóla (nemendur).
- Stelpum í Sunnulækjarskóla finnst þær hafa minni stjórn á eigin árangri en stelpum á landinu að meðaltali og hafa minni áhuga á stærðfræði en þær (nemendur).
- Strákum í Sunnulækjarskóla finnst einnig að þeir hafi minni stjórn á eigin árangri en strákum á landinu að meðaltali og hafa minni áhuga á stærðfræði en þeir, auk þess sem þeir hafi minni þrautseigju í námi (nemendur).
- Úrræði vantar fyrir nemendur á miðstigi, Stapa (starfsmenn).
- Kennsla verklegra greina hjá yngstu nemendunum (starfsmenn, foreldrar, menntamálaráðuneyti).
- Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt (starfsmenn).
- Árangur í stærðfræði í 7. og 10. bekk á samræmdum prófum.
- Mikilvægi heimavinnu (nemendur).
- Opinn skóli / opin kennslusvæði (foreldrar).
- Þrengsli (starfsmenn, foreldrar, menntamálaráðuneyti).
- Tölvukostur lélegur (starfsmenn).
- Tölvustofu vantar (starfsmenn).
- Aðstaða / húsnaði skólavistunar (foreldrar og starfsmenn).


4.3 Líðan nemenda

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:


- Viðhorfakannanir meðal foreldra frá árunum 2009 og 2011.
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla vorin 2009, 2010, 2011 og 2012.
- Skólapúlsinn – viðhorfakönnun meðal nemenda í 6. – 10. bekk.
- Viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 og 2012.
- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorfakönnun til grunnskóla í Árborg 2012.

4.3.1 Líðan nemenda í skólanum


Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 kemur í ljós að 84% þeirra telja að barninu þeirra líði mjög eða frekar vel í skólanum, 12% að því líði sæmilega og 4% að því líði frekar eða mjög illa. Árið 2011 telja 85% að barninu þeirra líði mjög eða frekar vel í skólanum, 12% telja að því líði sæmilega og 3% að því líði frekar eða mjög illa.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 93% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að barni þeirra líði alltaf eða oftast vel í skólanum almennt á móti 87% foreldra í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 92% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að barni þeirra líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum á móti 87% foreldra í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 84% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að barni þeirra líði alltaf eða oftast vel í frímínútum á móti 81% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 telja 29,2% starfsmanna að þorri nemenda sé mjög ánægður í skólanum og 70,8% telja að þorri nemenda sé frekar ánægður. Enginn telur að þorri nemenda sé frekar eða mjög óánægður.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur fram að nemendum líði yfirleitt vel í skólanum.


Í styrk- og veikleikagreiningu meðal starfsmanna vorið 2012 kemur fram að starfsmenn telja að ein sterkasta hlið skólans sé góð líðan nemenda í skólanum.

Í Skólapúlsinum er spurt um ýmsa þætti sem snerta líðan nemenda eins og sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíða.


Svör nemenda í Skólapúlsinum sýna að nemendur Sunnulækjarskóla hafa heldur minna sjálfsálit en samanburðarhópurinn.




Það sama er að segja um trú nemenda á að hafa stjórn á eigin lífi. Nemendur Sunnulækjarskóla koma ívið ver út en nemendur á landsvísu.



Vanlíðan mælist svipuð meðal nemenda í Sunnulækjarskóla og meðal nemenda á landsvísu.



Kvíði mælist svipaður meðal nemenda í Sunnulækjarskóla skólaárið 2009 – 2010 og meðal samanburðarhópsins en kvíði eykst lítillega meðal nemenda í Sunnulækjarskóla milli ára og mælist munurinn nokkur milli þeirra og nemenda á landinu öllu.



Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli árganga

Þegar svör árganganna skólaárið 2011 – 2012 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra hvað varðar sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vanlíðan og kvíða.

Þeir árgangar sem koma best út miðað við landsmeðaltal eru 7. og 10. bekkur en þeir mælast mjög svipaðir og landsmeðaltalið. Hins vegar kemur 8. bekkur langverst út miðað við aðra 8. bekki á landinu í öllum þáttunum.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.

	6. b. (núv. 7. b.)	7. b. (núv. 8. b.)	8. b. (núv. 9. b.)	9. b. (núv. 10. b.)	10. b. (útskrifuð)
Sjálfsálit					
Stjórn á eigin lífi					
Vanlíðan					
Kvíði					

Líðan nemenda í skólanum – samanburður milli kynja

Þegar svör kynjanna í Sunnulækjarskóla, skólaárið 2011 – 2012 eru skoðuð kemur nokkur munur í ljós á milli þeirra, bæði miðað við svör kynjanna á landsvísu og eins milli stelpna og stráka í Sunnulækjarskóla.

Í þremur atriðum af fjórum sem mæla líðan nemenda í skólanum koma stúlkur í Sunnulækjarskóla ver út en strákar í Sunnulækjarskóla, þær hafa minna sjálfsálit, líður ver og eru kvíðnari en þeir. Stúlkum í Sunnulækjarskóla líður ver og eru kvíðnari en stúlkum á landinu öllu að meðaltali og strákar í Sunnulækjarskóla eru kvíðnari en jafnaldrar þeirra á landinu.

(Grænn litur táknar jákvæðan mun (0,5 eða meira) miðað við landsmeðaltal og rauður litur táknar neikvæðan mun (0,5 eða meira). Auður reitur táknar að munurinn var minni en 0,5.


	Samanburður á stelpum og strákum í Sunnulækjarskóla		Samanburður á kynjunum í Sunnulækjarskóla og á landinu öllu	
	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar
Sjálfsálit				
Stjórn á eigin lífi				
Vanlíðan				
Kvíði				

Í úttekt menntamálaráðuneytisins vorið 2011 kemur fram að halda þurfi áfram að leita leiða vegna niðurstaðna síðustu ára úr Skólapúlsi um sjálfsálit nemenda.


4.3.2 Samskipti

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 kemur fram að góð samskipti nemenda og kennara eru ein af sterkustu hliðum skólastarfsins að mati kennara.

Skólapúlsinn kannar viðhorf nemenda til sambands þeirra við kennara og spyr hvort nemendum semji vel við flesta kennara, hvort kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel, hvort þeir hlusti vel á það sem þeir hafa að segja, veiti auka aðstoð ef þarf og séu sanngjarnir. Viðhorf nemenda í Sunnulækjarskóla til sambands þeirra við kennara er svipað að meðaltali og jafnaldra þeirra.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 83% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með samskipti starfsfólks við barn þeirra á móti 81% foreldra í Árborg í heild.




Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu kostum skólastarfsins sé jákvætt andrúmsloft og vingjarnlegt viðmót.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að skólabragurinn einkennist af jákvæðu og vinsamlegu viðhorfi til nemenda.


Samsömun nemenda við nemendahópinn er könnuð í Skólapúlsinum og er meðal annars spurt um hvort þeim líði eins og þeir séu skildir útundan, eigi auðvelt með að eignast vini, tilheyrri hópnum, passi ekki við hina, hvort öðrum líki vel við þá og hvort þeir séu einmana.

Samsömun nemenda við nemendahópinn er svipuð hjá nemendum í Sunnulækjarskóla að meðaltali og hjá öðrum nemendum sem taka þátt í Skólapúlsinum, þó virðist sem samsömunin fari heldur minnkandi á síðasta skólaári. Stúlkur í Sunnulækjarskóla koma ver út úr þessum þætti en drengir í skólanum og einnig þegar svör stúlkna í skólanum eru borin saman við svör stúlkna á landinu öllu. Þá virðast nemendur í 6., 7. og 9. bekk eiga erfiðara með að samsama sig við nemendahópinn en nemendur í 8. og 10. bekk.




Í styrk- og veikleikagreiningunni meðal kennara vorið 2011 nefna þeir að ein af sterkustu hliðum skólstarfsins sé að nemendur séu ánægðir í hópi skólasystkina sinna.

Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2011 er spurt um hvað foreldrum finnst mikilvægast gagnvart þeirra barni; að það standi vel námslega, hafi góðan félagsþroska eða hegði sér vel. 79% foreldra töldu að mikilvægast væri að barnið hefði góðan félagsþroska, 53% að það hegðaði sér vel og 48% að það standi vel námslega.




4.3.3 Agamál


Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 kemur í ljós að 37% foreldra telja að agamál í skólanum séu mjög eða frekar góð, 36% telja þau í lagi og 27% telja þeim vera ábótavant eða mjög ábótavant. Árið 2011 telja 52% foreldra að agamál í skólanum séu mjög eða frekar góð, 31% telja þau í lagi og 17% telja að þeim sé ábótavant eða mjög ábótavant.



Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 telja 52% starfsmanna að agavandamál séu lítil meðal nemenda þeirra og vorið 2012 telja 49% starfsmanna að þau séu lítil.



Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 segir 39,2% starfsmanna að vinnufriðurinn á vinnusvæðum nemenda sé alltaf eða yfirleitt góður, 37% segir að hann sé oft góður og 26,1% segir að hann sé sjaldan eða aldrei góður. Vorið 2012 segir 27% starfsmanna að vinnufriðurinn sé alltaf eða yfirleitt góður, 34% segja að hann sé oft góður og 39% segja að hann sé sjaldan eða aldrei góður.



Úrbætur varðandi hávaða á vinnusvæðum nemenda var eitt þeirra atriða sem starfsmenn skólans settu sem forgangsverkefni fyrir skólaárið 2010 – 2011.

Í styrk- og veikleikagreiningu sem gerð var meðal starfsmanna vorið 2008 kemur í ljós að starfsmönnum finnst skorta á aga í skólanum og þeir kalla eftir meiri festu, skýrum mörkum og viðurlögum við agabrotum. Agamál voru jafnframt sett í forgang í umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2008 – 2009.

Svipuð afstaða kemur fram í styrk- og veikleikagreiningunni árið 2009 meðal kennara en þar nefna þeir agamál sem eitt af þeim atriðum sem mest er þörf á að bæta í skólanum. Þar koma hins vegar einnig fram raddir sem segja að agamál séu í betra horfi en áður, vinnubrögð séu orðin skilvirkari og starfsmenn fái meiri stuðning í þeim málum en áður.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn nefna að þurfi að vera í forgangi í þróunarvinnu næsta vetur er bættur agi í skólanum. Bættur agi var það atriði sem starfsmenn settu efst á lista yfir þau verkefni sem brýnast væri að vinna að á næsta skólaári.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu göllum skólastarfsins sé agaleyfi og nefna agamál sem eitt af brýnustu forgangsverkefnum skólans skólaárið 2011 - 2012.


Í styrk- og veikleikagreiningunni vorið 2011 eru agamál í öðru sæti hvað varðar veikustu hliðar skólastarfsins og eru jafnframt sett aftur efst á forgangslista yfir umbótaverkefni komandi skólaárs. Í svörum kennara má sjá að þótt þeim finnst að agamál hafi batnað, ekki síst með tilkomu Stapa, þá þurfi margt að lagast hvað þau varðar. Þar er einkum nefnt að

samvinnu og samræmd vinnubrögð þurfi að auka, skerpa þurfi á reglum, auka þurfi úrræði fyrir yngri nemendur og bæta viðbrögð við agavandamálum.


Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að móta þurfi aðgerðir til að taka skýrar á agamálum og auka vinnufrið.

Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2012 brenna agamál ekki eins á þeim og árin á undan og eru ekki sett ofarlega á lista yfir þau forgangsverkefni sem vinna þurfi að á komandi skólaári.

Miðað við niðurstöður úr svörum nemenda í Skólapúlsinum er agi í tímum svipaður í Sunnulækjarskóla og í öðrum skólum að meðaltali.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að lítil munur er á hlutfalli foreldra í Sunnulækjarskóla (73%) og í Árborg almennt (72%) sem telja að áherslur skólans í agamálum séu hæfilegar.



4.3.4 Uppeldi til ábyrgðar

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 er spurt um viðhorf þeirra til hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar. Þar svara 73,1% starfsmanna að viðhorf þeirra til hugmyndafræðinnar sé mjög eða frekar jákvætt, 21,2% eru hlutlaus og 5,8% hafa frekar eða mjög neikvætt viðhorf. Þegar svör kennara eingöngu eru skoðuð kemur í ljós að þeir eru heldur neikvæðari til þessa þáttar í skólastarfinu en öll heildin. Vorið 2012 svara 82,5% starfsmanna að viðhorf þeirra til hugmyndafræðinnar sé mjög eða frekar jákvætt, 14,3% eru hlutlaus og 3,2% hafa frekar eða mjög neikvætt viðhorf. Kennarar eru áfram heldur neikvæðari til hugmyndafræðinnar en heildin.




Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 er uppeldi til ábyrgðar nefnt sem ein af sterkustu hliðum skólans en jafnframt er tekið fram að skýrari innleiðingu þurfi, kynna þurfi hugmyndafræðina betur fyrir öllum starfsmönnum skólans og gera það sýnilegra.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur fram að vinna þurfi markvissar að innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar og endurmenntun starfsfólks.


Í þriðja sæti í forgangsröðun kennara á umbótaverkefnum fyrir skólaárið 2011 – 2012 er bætt líðan nemenda og er þar einkum horft til frekari innleiðingar á uppeldi til ábyrgðar en einnig að efla tengsl kennara og nemenda og halda reglulega bekkjarfundum.

4.3.5 Einelti

Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 kemur í ljós að 14% þeirra telja að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum en 86% telja að svo sé ekki. Árið 2011 telja 10% foreldra að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum en 90% telja svo ekki vera.



Niðurstöður Skólapúlsins sýna að einelti mælist svipað hjá nemendum í Sunnulækjarskóla og hjá nemendum í öðrum skólum.




Í styrk- og veikleikagreiningunni árið 2009 meðal kennara kemur fram að þeir telja að vinna þurfi betur í eineltismálum, m.a. þurfi að skýra hvaða samskipti eiga ekki að líðast.


Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af göllum skólastarfsins sé of mikið einelti og nefna það atriði sem eitt af þeim sem skólinn ætti að setja í forgang skólaárið 2011 – 2012.

Í mati menntamálaráðuneytisins kemur fram að eineltisáætlun liggi fyrir.


Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 11% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að barnið hafi orðið fyrir einelti í skólanum á sl. 12 mánuðum á mótí 14% foreldra í Árborg í heild.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 78% foreldra sem segja að barn sitt hafi orðið fyrir einelti í skólanum telja að það hafi átt sér stað í frímínútum á skólalóð, 42% í frímínútum inni, 36% í búningsklefum, 28% í kennslustundum, 22% í matsal og 17% telja að það hafi átt sér stað í íþróttatímum, á leið í eða frá skóla eða annars staðar.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 41% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með gæslu á skólalóð á móti 40% foreldra í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 22% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að skólinn hafi tekið fljótt og vel á eineltinu á móti 31% foreldra í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 49% foreldra í Sunnulækjarskóla telja að markvisst sé unnið eftir eineltisáætlun skólans á móti 57% foreldra í Árborg í heild.



4.3.6 Samantekt

Líðan nemenda í skólanum:

Yfirleitt telja bæði starfsmenn og foreldrar að nemendur séu ánægðir og þeim líði almennt vel í skólanum og það sama kemur fram í úttekt menntamálaráðuneytisins.

Í Skólápúlsinum kemur hins vegar fram að nemendur Sunnulækjarskóla hafa minna sjálfsálit, minni trú á að hafa stjórn á eigin lífi og eru kvíðnari en nemendur á landinu í heild. Vanlíðan mælist hins vegar svipuð í heildina og á landsvísu. Mikill munur kemur fram á milli árganga og kemur 7. og 10. bekkur best út hvað þetta varðar og 8. bekkur (núverandi 9. bekkur) lakast. Kynjamunur er nokkur í þessum þáttum en stúlkur í Sunnulækjarskóla hafa minna sjálfsálit en strákar í skólanum, líður ver og eru kvíðnari en þeir. Stelpum í Sunnulækjarskóla líður jafnframt ver en stelpum á landinu öllu og eru kvíðnari en þær og strákar í Sunnulækjarskóla eru kvíðnari en strákar á landinu í heild.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins vorið 2011 kemur fram að vegna niðurstaðna úr Skólápúlsinum þurfi skólinn að halda áfram að leita leiða til að bæta líðan nemenda.

Samskipti:

Starfsmenn skólans telja að góð samskipti nemenda og kennara séu ein af styrkustu stöðum skólans og foreldrar telja að einn af meginkostum skólans sé jákvætt andrúmsloft og vingjarnlegt viðmót.

Viðhorf nemenda (Skólápúlsinn) til sambands þeirra við kennara er svipað og annarra nemenda á landinu og samsömun við nemendahópinn er líka svipuð og á landinu í heild, þó koma stúlkur heldur lakar út hvað þetta varðar en strákar.

Agamál:

Á undanförunum árum hafa bæði foreldrar og starfsmenn talið að agi þurfi að vera meiri í skólanum og menntamálaráðuneytið komst að þeirri niðurstöðu 2011 að móta þurfi aðgerðir til að taka skýrar á agamálum og auka vinnufrið.

Árið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn nefna að þurfi að vera í forgangi í þróunarvinnu næsta vetur er bættur agi í skólanum og úrræði til að minnka hávaða á vinnusvæðum nemenda.

Vorið 2011 setja starfsmenn agamál aftur í forgang í umbótaáætlun skólans. Þrátt fyrir að starfsmenn setji agamálin aftur í forgang fyrir næsta skólaár eru þeir ánægðir með þróunina á milli ára og telja að ýmislegt hafi áunnist meðal annars með tilkomu Stapa. Að mati starfsmanna þarf aukna samvinnu og samræmdari vinnubrögð, skerpa þurfi á reglum, bæta viðbrögð við agavandamálum og auka úrræði fyrir yngri nemendur.

Vorið 2012 brenna agamál ekki eins á starfsmönnum og á fyrri árum. Þó finnst finnst færri starfsmönnum að vinnufriður á vinnusvæðum nemenda sé góður en tveimur árum á undan.

Nemendur telja að agi í kennslustundum sé svipaður í Sunnulækjarskóla og nemendur í öðrum skólum telja að sé hjá þeim.

Uppeldi til ábyrgðar:

Starfsmenn skólans eru ánægðir með hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar* og ánægjan eykst á milli mælinga.

Einelti:

Eineltisáætlun liggur fyrir í Sunnulækjarskóla. Einelti hefur minnkað í skólanum á milli ára að mati foreldra og hefur aldrei mælst minna. Að mati foreldra á eineltið sér einkum stað úti í frímínútum. Niðurstöður Skólapúlsins sýna að einelti mælist svipað í skólanum og í öðrum skólum.

Sterkar hliðar 2012:

- Nemendum líður vel í skólanum (foreldrar og starfsmenn).
- Góð samskipti nemenda og kennara (starfsmenn).
- Jákvætt andrúmsloft og vingjarnlegt viðmót (foreldrar).
- Skólabragurinn einkennist af jákvæðu og vinsamlegu viðmóti til nemenda (menntamálaráðuneytið)
- Nemendur ánægðir í hópi skólasystkina sinna (starfsmenn).
- Foreldrar leggja meiri áherslu á góðan félagsþroska en góðan námsárangur eða góða hegðun.
- Uppeldi til ábyrgðar (starfsmenn).
- Einelti minna en almennt í Árborg (foreldrar).

Jafnvægi miðað við aðra skóla 2012:

- Vanlíðan nemenda (nemendur).
- Líðan nemenda í 7. (núverandi 8. bekk) og 10. bekk (nemendur).
- Samband nemenda við kennara (nemendur).

- Samskipti starfsfólk við barnið (foreldrar).
- Samsömun nemenda við nemendahópinn (nemendur).
- Agi í tímum (nemendur).
- Áherslur á aga í skólanum (foreldrar).
- Einelti (nemendur).
- Gæsla á skólalóð (foreldrar).

Veikar hliðar – sóknarfæri 2012:

- Sjálfsálit nemenda (Skólapúlsinn, menntamálaráðuneytið).
- Trú nemenda á að þeir hafi stjórn á eigin lífi (nemendur).
- Kvíði nemenda (nemendur).
- Líðan nemenda í 8. bekk (núverandi 9. bekk) (nemendur).
- Stúlkum líður ver og eru kvíðnari en stúlkur á landinu almennt (nemendur).
- Stúlkum líður ver í skólanum en drengjum, eru kvíðnari og hafa minna sjálfsálit en þeir (nemendur).
- Strákar í skólanum eru kvíðnari en strákar á landinu almennt (nemendur).
- Stúlkur finna minni samsömun með nemendahópnum en drengir (nemendur) .
- Skólinn tekur ekki eins vel á einelti og almennt í Árborg (foreldrar).
- Skólinn vinnur ekki eins markvisst eftir eineltisáætlun og almennt í Árborg (foreldrar).
- Vinnufriður á vinnusvæðum nemenda minni en áður (kennarar).

4.4 Starfsánægja starfsmanna

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:

- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla vorin 2009, 2010, 2011 og 2012.
- Viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 og 2012.
- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.

4.4.1 Aðgengi að upplýsingum, hjálpargögnum og sérfræðiþjónustu

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 kemur bæði fram ánægja og óánægja með upplýsingagjöf skólans. Það sem helst er gagnrýnt er að það skorti stundum á að upplýsingar sem sendar eru til foreldra frá stjórnendum berist líka til starfsmanna. Þá leggur menntamálaráðuneytið áherslu á að tryggja þurfi að almennir starfsmenn fái nægilegar upplýsingar úr skólastarfinu. Í mati menntamálaráðuneytisins kemur fram að sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins sé góð, meðal annars eftirfylgni greininga.


Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2012 setja þeir betra upplýsingaflæði á lista yfir þau verkefni sem þurfi að vera í forgrunni á næsta skólaári.

4.4.2 Ábyrgð og áskoranir í starfi

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 kemur fram að kennarar telja að ábyrgð og áskoranir í starfi séu ein af sterkustu þáttum skólastarfsins. Í því sambandi nefna kennarar einkum að þeir hafi sjálfstæði, beri ábyrgð, þeir fái ýmsar áskoranir og að þeim sé treyst.

4.4.3 Vinnuaðstæður starfsmanna

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 64,2% finnst vinnuaðstæður þeirra mjög eða frekar góðar, 20,8 telja þær ásættanlegar en 15,1% telja þær frekar eða mjög slæmar. Vorið 2012 segja 58% starfsmanna að vinnuaðstæður þeirra séu mjög eða frekar góðar, 23% telja þær ásættanlegar og 19% telja þær frekar eða mjög slæmar.




Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn nefna að sé helsti kostur við Sunnulækjarskóla er bjart kennslurými og opinn skóli sem er í stöðugri þróun.


Í svörum starfsmanna í viðhorfakönnunum og í styrk- og veikleikagreiningum á undanförunum árum kemur fram nokkur óánægja með suma þætta í vinnuaðstæðum starfsmanna. Þau atriði sem oftast eru nefnd eru lélegur tölvukostur, þrengsli, áreiti á opnum kennslurýmum, hávaði á vinnusvæðum og almenn vinnuaðstaða starfsfólks.

Í styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna vorið 2012 eru þessi sömu atriði nefnd sem helstu veikleikar skólans og úrbætur í þeim málum sett sem æskileg forgangsverkefni fyrir næsta skólaár.

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 40,3% starfsmanna finnst skólinn vel búinn tækjum og kennslugögnum, 46,2% telja það atriði ásættanlegt en 13,5% segja að skólinn sé frekar illa búinn tækjum og kennslugögnum. Vorið 2012 segja 39% starfsmanna að skólinn sé vel búinn tækjum og kennslugögnum, 41% segja að sá þáttur sé ásættanlegur og 20% að skólinn sé frekar eða mjög illa búinn tækjum og kennslugögnum.




Hins vegar eru 84,5% starfsmanna mjög eða frekar ánægðir með hvernig þeim finnst að óskum þeirra um námsleg gögn sé sinnt, 13,3% telja það atriði ásættanlegt og 2,2% telja að óskum þeirra sé frekar illa sinnt. Vorið 2012 eru starfsmenn ekki eins ánægðir með þennan þátt en þá segja 63,8% að óskum þeirra sé mjög eða frekar vel sinnt, 27,6% segja það atriði ásættanlegt en 8,6% segja að óskum þeirra sé frekar illa sinnt.




Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 telja 74,4% kennara að þjónusta bókasafnsins sé mjög eða frekar góð, 9,4% telja hana ásættanlega og 15,6% telja að hún sé frekar eða mjög slæm. Þegar athugasemdir eru skoðaðar með þessum svörum kemur í ljós að kennarar telja að bókakostur safnsins sé of lítill og að fræða þurfi nemendur betur um bókasafns- og upplýsingatækni þegar tekið er á móti þeim á safnið. Vorið 2012 segja 46% starfsmanna að bókasafn skólans nýtist mjög eða frekar vel, 37% segja að það nýtist sæmilega og 17% að það nýtist frekar eða mjög illa.

4.4.4 Samskipti og samvinna

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 86,8% starfsmanna telja samvinnu sína við stjórnendur mjög eða frekar góða, 13,2% telja hana ásættanlega og enginn telur hana slæma. Vorið 2012 telur 92,2% starfsmanna að samvinnan við stjórnendur sé mjög eða frekar góð, 7,8% telur hana ásættanlega og enginn telur hana slæma.




Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 90,5% starfsmanna telja samvinnu sína við kennara mjög eða frekar góða, 13,2% telja hana ásættanlega og enginn telur hana slæma. Vorið 2012 telur 95,3% starfsmanna að samvinnan við kennara sé mjög eða frekar góð, 4,7% telur hana ásættanlega og enginn telur hana slæma.




Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að samvinna starfsfólk sé góð.

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 segja 90,7% kennara að þeim líki mjög eða frekar vel með að vinna í teymi með öðrum, 9,4% segja að þeim líki það sæmilega og engum líkar það illa. Vorið 2012 segja 88,5% að þeim líki það mjög eða frekar vel, 11,5 að þeim líki það sæmilega og engum líkar það illa.



Þá segir 9,7% kennara vorið 2010 að sjálfræði kennarateyma sé of mikið í Sunnulækjarskóla, 90,3% telja það hæfilegt og engum finnst það of lítið. Vorið 2012 telja 7,3% kennara að sjálfræði kennarateyma sé of mikið, 92,7% telja það hæfilegt og engum finnst það of lítið.



Í sömu könnun er spurt um hlut teymisvinnu og samráðs við aðra í vinnutímanum. Það kemur fram að vorið 2010 finnst 18,7% kennara sá hlutur vera of mikill eða mikill, 71,9% telja hann hæfilegan og 9,4% að hann sé lítill eða of lítill. Vorið 2012 telja 21,4% kennara að hlutur teymisvinnu og samráðs við aðra í vinnutímanum sé of mikill eða mikill, 71,4% telja hann hæfilegan og 7,1% telja hann of lítinn.

Þá finnst 15,6% kennara vorið 2010 að hlutur einstaklingsvinnu í vinnutímanum sé of mikill eða mikill, 53,1% finnst hann hæfilegur og 31,3% finnst hann lítill eða of lítill. Vorið 2012 telja 11,9% að hlutur einstaklingsvinnu sé of mikill eða mikill, 64,3% telja hann hæfilegan og 23,8% telja hann lítinn eða of lítinn.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnunum starfsmanna vorið 2010 og 2012 kemur fram að meðal þeirra atriða sem starfsmenn eru ánægðir með og tilgreina sem helstu kosti skólustarfsins er teymisvinna kennara.

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 og 2012 kemur skýrt fram að starfsmenn telja samskipti og samvinnu starfsfólks vera sterkustu hlið skólustarfsins.


4.4.5 Starfsbróun

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 segja 18,7% kennara og umsjónarkennara að þeir verji 5 klst. eða meira til að kynna sér fræðigreinar og annað efni um fagleg mál á viku að meðaltali, 28,1% þeirra nefna 3 – 5 klst. og 53,2% segjast verja 3 klst. eða minna í þann þátt starfsins. Vorið 2012 segir 20,9% kennara að þeir verji 5 klst. eða meira í þann þátt á viku, 18,6% segjast verja 3 – 5 klst. á viku og 60,4% minna en 3 klst.

Í sömu könnun er spurt um hvaða form endurmenntunar starfsmenn telja heppilegast. Þar telja flestir kennarar og umsjónarkennarar að stutt námskeið í skóla sé heppilegast formið, þar á eftir koma heimsóknir í aðra skóla og að sækja námskeið annað.


4.4.6 Álag í starfi

Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 segja 54,7% starfsmanna að vinnuálag þeirra í starfi sé of mikið eða mikið, 43,4% segja að það sé hæfilegt og 1,9% segja að það sé lítið. Þegar borin eru svör kennara og umsjónarkennara við svör allra starfsmanna kemur enginn teljandi munur fram. Vorið 2012 telja 61,5% starfsmanna að vinnuálag þeirra í starfi sé of mikið eða mikið, 38,5% telja það hæfilegt og enginn segir að það sé lítið. Þegar svör kennara og umsjónarkennara eru borin saman við svör annarra starfsmanna kemur í ljós að kennarar finna fyrir heldur minna álagi í starfi en aðrir starfsmenn.



Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að kennarar segjast upplifa mikið álag í starfi og í sumum tilfellum of lítið svigrúm til að vinna sjálfstætt.


Í könnun meðal starfsmanna 2010 er spurt um starfstengdan kvíða eða streitu. 17% starfsmanna segjast finna fyrir slíkum kvíða mjög oft eða oft, 39,6% segjast stundum finna fyrir starfstengdum kvíða og 43,4% sjaldan eða aldrei. Vorið 2012 segjast 26,2% starfsmanna finna fyrir starfstengdum kvíða eða streitu mjög oft eða oft, 38,5% stundum og 35,4% sjaldan eða aldrei. Enginn teljandi munur kemur fram í svörum kennara og annarra starfsmanna.




Þá kemur fram í svörum kennara að þeir þættir starfsins sem þeim finnst þeir vera í mestri tímaþröng með eru: 1) námsefnisgerð / aðlögun námsefnis, 2) yfirferð verkefna, 3) samráð við samstarfsmenn, 4) foreldrasamstarf og 5) námsmat.

4.4.7 Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar


Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 telja 75,5% starfsmanna að vinnuandinn í skólanum sé mjög eða frekar góður, 22,6% telja hann sæmilegan og 1,9% telja hann frekar slæman. Vorið 2012 telja 90,8% starfsandann vera mjög eða frekar góðan, 9,2% telja hann sæmilegan og enginn telur hann slæman.



Þegar borin eru saman svör kennara og umsjónarkennara við svör allra starfsmanna kemur fram að vorið 2010 telja 81,3% kennara vinnuandann mjög eða frekar góðan, 18,8% telja hann sæmilegan en enginn kennari telur hann slæman. Vorið 2012 telja 86% kennara og umsjónarkennara vinnuandann mjög eða frekar góðan, 14% telja hann sæmilegan og enginn telur hann slæman.



Í sömu könnun var spurt um viðhorf starfsfólks til þess hvernig því fyndist vinnuframlag þess metið af stjórnendum, samstarfsfólki, foreldrum og nemendum. Svörin sýna að starfsfólki finnst almennt að vinnuframlag þess sé mest metið af stjórnendum og samstarfsfólki þess en síst af foreldrum.



Þá sýndi sama könnun 2012 að 71,4% starfsmanna finnst að hugmyndir þeirra fá mjög eða frekar góðan hljómgrunn meðal samstarfsmanna þeirra, 19% telja hann ásættanlegan og 9,5% telja að hugmyndir þeirra fá frekar eða mjög lítinn hljómgrunn.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2010 kemur fram að það atriði sem starfsmenn nefna oftast að sé helsti kostur við skólastarfið er góður starfsandi og skemmtilegur vinnustaður.

Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 og vorið 2012 kemur fram að góður starfsandi á vinnustað sé ein af sterkustu hliðum skólastarfsins en sá þáttur er næst efstur á blaði yfir sterkar hliðar.

Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur einnig fram að starfsfólki líður vel á vinnustað og þar sé góður starfsandi ríkjandi.

4.4.8 Samantekt

Aðgengi að upplýsingum, hjálpargögnum og sérfræðipjónustu:

Starfsmenn eru bæði ánægðir og óánægðir með upplýsingagjöf skólans. Helst vantar að upplýsingar sem sendar eru til foreldra berist líka til kennara og að almennir starfsmenn fá nægilegar upplýsingar úr skólastarfinu. Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins er góð meðal annars eftirfylgni greininga.

Ábyrgð og áskoranir í starfi:

Kennarar telja að ábyrgð og áskoranir í starfi sé ein af sterkum hliðum skólastarfsins.

Vinnuaðstaður kennara:

Starfsmenn telja að bjart kennslurými og opinn skóli sé einn af kostum skólans. Hins vegar telja þeir að tölvumál séu óviðunandi, áreiti á opnum kennslurýmum, þrengsli og almenn vinnuaðstaða séu veikar hliðar á skólanum.

Samskipti og samvinna:

Starfsmenn eru ánægðir með samskipti og samvinnu sín á milli og við stjórnendur og telja að samskipti og samvinnu vera sterkustu hlið skólastarfsins.

Álag í starfi:

Starfsmenn upplifa álag í starfi og hefur það aukist á milli ára. Starfstengdur kvíði eða streita hefur einnig aukist milli ára.

Almenn viðhorf til starfs og vinnustaðar:

Starfsfólki líður almennt vel á vinnustað og góður starfsandi er ríkjandi í skólanum og er hann ein af sterkustu hliðum skólastarfsins.

Sterkar hliðar 2012:

- Starfsfólki líður vel á vinnustað (starfsmenn, menntamálaráðuneyti).
- Góður vinnuandi (starfsmenn, menntamálaráðuneyti).
- Sérfræðiaðstoð sveitarfélagsins - eftirfylgni greininga (menntamálaráðuneytið).
- Ábyrgð og áskoranir í starfi (starfsmenn).
- Bjart kennslurými og opinn skóli (starfsmenn).
- Samskipti og samvinna starfsmanna (starfsmenn, menntamálaráðuneyti).
- Samvinna starfsmanna við stjórnendur (starfsmenn).
- Teymisvinna kennara (kennarar).
- Sjálfræði kennarateyma (kennarar).
- Kennurum finnst vinnuframlag þeirra mikils metið af stjórnendum og samstarfsmönnum (kennarar).

Veikar hliðar 2012:

- Upplýsingagjöf (starfsmenn).
- Upplýsingagjöf til almennra starfsmanna úr skólastarfinu (menntamálaráðuneytið).
- Tölvumál (starfsmenn).
- Þrengsli (starfsmenn).
- Áreiti á opnum kennslurýmum (starfsmenn).
- Almenn vinnuaðstaða (starfsmenn).
- Starfsmönnum fækkar sem finnst vel tekið í óskir þeirra um námsleg gögn (starfsmenn)
- Álag í starfi (menntamálaráðuneytið, starfsmenn).
- Starfstengdur kvíði eða streita hefur aukist (starfsmenn).


4.5 Samvinna heimila og skóla

Þau gögn sem liggja hér til grundvallar eru:


- Viðhorfakannanir meðal foreldra frá árunum 2009 og 2011.
- Viðhorfakönnun meðal starfsmanna frá árunum 2010 og 2012.
- Styrk- og veikleikagreining sem gerð var meðal starfsmanna Sunnulækjarskóla vorin 2009, 2010, 2011 og 2012.
- Úttekt menntamálaráðuneytisins á starfsemi Sunnulækjarskóla 2011.
- Viðhorf foreldra til grunnskóla í Árborg 2012.

4.5.1 Almenn viðhorf til skólans


Svör foreldra í viðhorfakönnun sem gerð var árið 2009 sýna að 89% þeirra hafa mjög eða frekar jákvætt viðhorf til Sunnulækjarskóla almennt, 8% eru hlutlaus og 3% er frekar neikvætt. Árið 2011 segja 94% foreldra að almennt viðhorf þeirra til skólans sé mjög eða frekar jákvætt, 5% eru hlutlaus og 1% segja að það sé frekar eða mjög slæmt.




Í sömu könnun árið 2009 segjast 91% foreldra geta mælt með skólanum við aðra foreldra og árið 2011 segjast 93% foreldra geta mælt með skólanum við aðra foreldra.



Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 84,7% þeirra telja að almennt viðhorf foreldra til skólans sé mjög eða frekar jákvætt, 15,4% telja að það sé hlutlaust og enginn telur að það sé frekar eða mjög neikvætt. Vorið 2012 telja 87,5% starfsmanna að viðhorf foreldra til skólans sé mjög eða frekar jákvætt, 12,5% telja það hlutlaust og enginn telur að það sé neikvætt.




Í viðhorfakönnun meðal foreldra árið 2009 telja 83% foreldra að skólinn svari kröfum nútímans mjög eða frekar vel, 14% eru hlutlaus og 3% telja að hann svari þeim frekar eða mjög illa. Árið 2011 telja 86% foreldra að skólinn svari kröfum nútímans mjög eða frekar vel, 12% eru hlutlaus og 3% telja að hann svari þeim frekar eða mjög illa.




Í úttekt menntamálaráðuneytisins 2011 kemur fram að foreldrastarf sé öflugt og góð samvinna sé milli heimilis og skóla.

4.5.2 Upplýsingagjöf


Svör foreldra í viðhorfakönnun sem gerð var árið 2009 sýna að 72% þeirra finnst upplýsingagjöf til foreldra vera mjög eða frekar góð, 21% finnst hún í lagi og 7% finnst henni ábótavant eða mjög ábótavant. Árið 2011 segir 78% foreldra að upplýsingagjöf til þeirra sé mjög eða frekar góð, 18% segja að hún sé í lagi og 4% segja að henni sé ábótavant eða mjög ábótavant.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg vorið 2012 kemur fram að 77% foreldra í Sunnlækjarskóla segjast vera ánægðir með almenna upplýsingagjöf skólans en 73% foreldra í Árborg segjast vera ánægðir með almenna upplýsingagjöf.




Svör foreldra í viðhorfakönnun sem gerð var árið 2009 sýna að að 63% þeirra telja að upplýsingagjöf um námsframvindu barnsins þeirra sé mjög eða frekar góð, 22% telja hana í lagi og 15% telja henni vera ábótavant eða mjög ábótavant. Árið 2011 telja 67% foreldra að upplýsingagjöfin um námsframvindu barnsins sé mjög eða frekar góð, 26% foreldra telja hana í lagi og 7% telja henni ábótavant eða mjög ábótavant.




Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 kemur fram að kennarar eru ánægðir með upplýsingagjöf til foreldra.

Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg vorið 2012 kemur fram að heldur færri foreldrar í Sunnlækjarskóla en í Árborg í heild segjast vera ánægðir með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið.




Í sömu könnun kemur fram að sama hlutfall foreldra í Sunnlækjarskóla og í Árborg segjast vera ánægðir með hve auðvelt sé að ná í umsjónarkennara ef þarf eða 86% í báðum tilfellum.

Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg vorið 2012 kemur fram að heldur færri foreldrar í Sunnlækjarskóla (54%) en í Árborg í heild (59%) segjast vera ánægðir með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg vorið 2012 kemur fram að sama hlutfall foreldra barna í Sunnulækjarskóla og barna í Árborg almennt segist vera ánæggt með upplýsingar á heimasíðu skólans eða 62%.




4.5.3 Samskipti við starfsmenn


Svör foreldra í viðhorfakönnun sem gerð var árið 2009 sýna að 81% foreldra telja samskipti sín við kennara barnsins þeirra vera mjög eða frekar góð, 16% telja þau vera í lagi og 3% telja að þeim sé ábótavant. Árið 2011 telja 86% foreldra að samskipti við kennara barnsins séu mjög eða frekar góð, 12% telja þau í lagi og 2% telja þeim ábótavant eða mjög ábótavant.



Þegar spurt er um samskipti foreldra við annað starfsfólk skólans í sömu könnunum kemur í ljós að árið 2009 telja 67% foreldra að samskipti þeirra við annað starfsfólk skólans séu mjög eða frekar góð, 29% telja þau í lagi og 4% segja að þeim sé ábótavant. Árið 2011 telja 74% foreldra að samskipti við annað starfsfólk séu mjög eða frekar góð, 22% telja þau í lagi og 4% telja að þeim sé ábótavant eða mjög ábótavant.




Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg vorið 2012 kemur fram að viðhorf foreldra í Sunnlækjarskóla til viðmóts umsjónarkennara til þeirra er svipað og foreldra barna í Árborg.




Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 kemur fram að kennarar eru ánægðir með samskipti foreldra og starfsmanna skólans.

Í viðhorfakönnun meðal foreldra sem gerð var árið 2009 segja 89% foreldra að viðhorf þeirra til umsjónarkennara barnsins þeirra vera mjög eða frekar gott, 7% eru hlutlaus og 4% telur það vera frekar neikvætt. Árið 2011 segja 91% foreldra að viðhorf þeirra til umsjónarkennara barnsins þeirra sé mjög eða frekar jákvætt, 7% að það sé hlutlaust og 2% að það sé frekar eða mjög neikvætt.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að svipað hlutfall foreldra í Sunnulækjarskóla (85%) segjast vera ánægðir með síðasta foreldraviðtal og hlutfall foreldra í Árborg almennt (84%).




Í viðhorfakönnun meðal starfsmanna vorið 2010 kemur fram að 86,2% starfsmanna telur foreldrasamstarf í Sunnulækjarskóla vera mjög eða frekar jákvætt, 11,8% eru hlutlausir og 2% telja það frekar neikvætt. Vorið 2012 telja 82,5% starfsmanna foreldrasamstarfið mjög eða frekar jákvætt, 15,9% telja það hlutlaust og 1,6% telja það frekar neikvætt.

Þá telja 4,2% starfsmanna, vorið 2010, að frumkvæði að samskiptum heimila og skóla komi aðallega frá heimilunum, 27,7% telja að frumkvæðið að samskiptunum komi jafnt frá báðum aðilum en 68,1% starfsmanna telur að frumkvæðið komi aðallega frá skólanum. Vorið 2012 telja 6,6% starfsmanna að frumkvæðið komi aðallega frá heimilunum, 28,3% telja að frumkvæðið komi jafnt frá báðum aðilum en 65% telja að frumkvæðið komi aðallega frá skólanum.

Í opinni spurningu í viðhorfakönnun foreldra vorið 2011 telja þeir að einn af helstu kostum skólastarfsins sé gott fólk og góðir kennarar.


4.5.4 Áhrif foreldra á skólastarfið

Svör foreldra í viðhorfakönnun sem gerð var árið 2009 sýna að 61% foreldra telja að viðbrögð skólans við ábendingum og athugasemdum séu mjög eða frekar góð, 26% telja þau í lagi og 13% finnst þeim vera ábótavant eða mjög ábótavant. Árið 2011 segja 65% foreldra að viðbrögð skólans við ábendingum og athugasemdum sé mjög eða frekar góð, 25% segja að þau séu í lagi og 10% segja að þeim sé ábótavant eða mjög ábótavant.




Í styrk- og veikleikagreiningu kennara vorið 2011 kemur fram að kennarar telja að áhrif foreldra á skólastarfið mætti vera meira.

Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 75% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast vera ánægðir með að skoðanir foreldra skipti máli í ákvörðunum um barnið á móti 70% foreldra í Árborg í heild.



Í viðhorfakönnun foreldra grunnskólabarna í Árborg 2012 kemur fram að 17% foreldra í Sunnulækjarskóla segjast hafa tekið þátt í að gera námsáætlun með barni sínu einu sinni eða oftar á móti 31% foreldra í Árborg í heild.



4.5.5 Samantekt

Almenn viðhorf til skólans:

Skýrt kemur fram að viðhorf foreldra til Sunnulækjarskóla er almennt jákvætt, þeir telja að hann svari kröfum nútímans vel og jafnframt að þeir geti mælt með skólanum við aðra foreldra. Í úttekt menntamálaráðuneytisins kemur fram að foreldrastarf sé öflugt og góð samvinna sé milli heimilis og skóla.

Upplýsingagjöf:

Foreldrar virðast telja að alla jafna sé upplýsingagjöf til þeirra góð og ánægja með upplýsingagjöf um námsframvindu eykst á milli ára, þó mætti upplýsingagjöf umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk vera meiri. Starfsmenn telja að upplýsingagjöf til foreldra sé góð.

Samskipti við starfsmenn:

Foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti sín við kennara og aðra starfsmenn skólans. Viðhorf þeirra til umsjónarkennara eru afar jákvæð og þeir telja að einn af helstu kostum skólans sé gott fólk og góðir kennarar.

Áhrif foreldra á skólastarfið:

Ánægja foreldra með viðbrögð skólans við ábendingum og athugasemdum hefur heldur aukist milli ára og þeim finnst einnig að skoðanir þeirra skipti máli þegar ákvarðanir eru teknar um börn þeirra. Hins vegar virðast foreldrar ekki taka mikinn þátt í að gera námsáætlanir með börnum sínum.

Sterkar hliðar 2012:

- Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans (foreldrar, starfsmenn).
- Foreldrar telja að skólinn svari kröfum nútímans vel (foreldrar).
- Foreldrar geta mælt með skólanum við aðra foreldra (foreldrar).
- Foreldrastarf er öflugt (menntamálaráðuneytið).
- Gott foreldrasamstarf (menntamálaráðuneytið).
- Upplýsingagjöf (foreldrar, starfsmenn)
- Samskipti foreldra og starfsmanna skólans (foreldrar, starfsmenn).
- Jákvætt viðhorf til umsjónarkennara (foreldrar).
- Ánægja með viðbrögð við ábendingum og athugasemdum (foreldrar).
- Skoðanir foreldrar skipta máli í ákvörðunum um barnið (foreldrar).

Jafnvægi miðað við aðra skóla 2012:

- Upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið (foreldrar).
- Auðvelt að ná í umsjónarkennara ef þarf (foreldrar).
- Viðmót umsjónarkennara í samskiptum við foreldra (foreldrar).
- Ánægja með síðasta foreldraviðtal (foreldrar).
- Upplýsingar á heimasíðu skólans (foreldrar).

Veikar hliðar 2012:

- Áhrif foreldra á skólastarfið mætti vera meira (starfsmenn).
- Upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk (foreldrar).
- Foreldrar taka lítinn þátt í að gera námsáætlun með barninu (foreldrar).

4.6 Umbótavinna 2011 – 2012 og mat starfsmanna

Samantekt og yfirlit yfir umbótavinnu sem unnin var veturinn 2011 – 2012 á grundvelli sjálfsmatsskýrslu 2010 – 2011 ásamt mati á hvernig til tókst. Árangur umbótavinnunnar er fyrst og fremst metinn miðað við niðurstöður styrk- og veikleikagreiningar meðal starfsmanna vorið 2012.

(Grænn litur merkir að vel hafi tekist til, gulur að ýmislegt hafi lagast en frekari vinna sé æskileg og rauður litur að ekki hafi gengið nægilega vel).

Helstu þættir sem horft var til voru:

Agamál, sérkennsla, bætt líðan nemenda og list- og verkgreinakennsla yngstu nemendanna.

Agamál		
Umbótaáætlun	Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Skipaður stýrihópur vegna <i>Uppeldis til ábyrgðar</i> til að vinna að frekari innleiðingu. 	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmenn eru ánægðir með hugmyndafræði <i>Uppeldis til ábyrgðar</i> og ánægjan eykst á milli ára. 	
<ul style="list-style-type: none"> Það ferli sem tekur við þegar skólareglur eru brotnar er skilgreint frekar og birt á vef skólans. 		<ul style="list-style-type: none"> Vantar sýnilegri eftirfylgni í agamálum.
<ul style="list-style-type: none"> Kennarar á elsta stigi hafa formað leiðbeiningar um hvernig skólareglum verður framfylgt á elsta stigi. 	<ul style="list-style-type: none"> Nýlegar leiðbeiningar sem ekki er komin reynsla á. 	<ul style="list-style-type: none"> Nýlegar leiðbeiningar sem ekki er komin reynsla á.
Agamál almennt		
<ul style="list-style-type: none"> Agamál almennt. 	<ul style="list-style-type: none"> Agamál brenna ekki eins á starfsmönnum og undanfarin ár. Í fyrsta sinn, vorið 2012, eru agamál ekki sett á lista yfir forgangsverkefni komandi skólaárs. 	<ul style="list-style-type: none"> Færri starfsmönnum en áður finnst góður vinnufriður á vinnusvæðum nemenda.

Sérkennsla

Umbótaáætlun	Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> Tilteknir kennarar kenna ákveðnum árgöngum. Aðkoma „viðbótar“ kennara í íslensku og stærðfræði hefur verið skipulögð í öllum árgöngum. Þegar umsjónarkennarar sinna sér / stoðkennslu sinna þeir nemendum úr sínum árgangi sem þeir þekkja. Sérkennslan hefur verið færð á færri hendur. 	<ul style="list-style-type: none"> Sérkennslan brennur ekki eins á starfsmönnum og undanfarin ár. Í fyrsta sinn, vorið 2012, eru sérkennslumál ekki sett á lista yfir forgangsverkefni komandi skólaárs, (fyrir utan að kennarar óska eftir sérkennsluúrræði – Stapa, fyrir miðstigi). Foreldrar í Sunnulækjarskóla eru almennt ánægðir með sérkennsluna. 	
<ul style="list-style-type: none"> Starfið í Stapa (úrræði á elsta stigi) hefur verið þróað áfram. 	<ul style="list-style-type: none"> Ánægja meðal starfsmanna með Stapa. 	<ul style="list-style-type: none"> Vantar sérkennsluúrræði – Stapa, fyrir nemendur á miðstigi.

Bætt líðan nemenda

Umbótaáætlun	Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Skipaður stýrihópur til að leita leiða til að bæta líðan nemenda. 	<ul style="list-style-type: none"> • Frekari innleiðing þeirra hugmynda væntanleg. 	<ul style="list-style-type: none"> • Niðurstöður úr Skólapúlsi benda til að enn þurfi að leita leiða til að bæta líðan nemenda.
<ul style="list-style-type: none"> • Kynjaskipting í sundi og hluta íþróttatíma. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur gefist vel á elsta stigi. 	

List- og verkgreinakennsla á yngsta stigi

Umbótaáætlun	Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Í 1. – 3. bekk hafa verið skipulagðar smiðjur í list- og verkgreinum og fara nemendur í verkgreinastofur skólaárið 2012 – 2013. 	<ul style="list-style-type: none"> • Reynsla ekki komin. 	<ul style="list-style-type: none"> • Reynsla ekki komin.

4.7 Styrkleikar og veikleikar Sunnulækjarskóla - starfsmenn

Unnið upp úr styrk- og veikleikagreiningu starfsmanna, vorið 2012.
 Þau atriði sem hér koma fram voru oftast nefnd í svörum starfsmanna.

Stefna og stjórnun	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Stjórnendur sýnilegir • Gott viðmót stjórnenda • Jákvæðir stjórnendur • Greiður aðgangur að stjórnendum 	Veikleikar - sóknarfæri <ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingaflæði • Fundir of margir og ómarkvissir • Vantar sýnilegri eftirfylgni í agamálum
Nám og kennsla	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Gott starfsfólk • Frelsi og fagmennska kennara • Samstarf og teymisvinna • Sérkennsluúrræði - Stapi 	Veikleikar – sóknarfæri <ul style="list-style-type: none"> • Vantar sérkennsluúrræði (Stapa) fyrir miðstig • Stórir hópar • Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt • Opin rými / hávaði og kliður
Líðan nemenda	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Nemendum líður vel • Traust milli nemenda og kennara • Uppeldi til ábyrgðar 	Veikleikar – sóknarfæri <ul style="list-style-type: none"> • Umgengni • Vantar fleira fólk í gæslu úti • Stúlkum líður ekki eins vel og drengjum
Starfsánægja starfsmanna	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Góður starfsandi • Starfsfólki líður vel í vinnunni • Samvinna • Ekki sjáanlega stéttaskipting 	Veikleikar – sóknarfæri <ul style="list-style-type: none"> • Húsnæði skólavistunar • Tölvukostur og tölvustofu vantar • Opin rými • Skjávarpa vantar
Samstarf heimila og skóla	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Gott samstarf við foreldra 	Veikleikar – sóknarfæri

4.8 Styrkleikar og veikleikar Sunnulækjarskóla - foreldrar

Unnið upp úr svörum foreldra í rafrænni skoðanakönnun, vorið 2011.

Þau atriði sem hér koma fram voru nefnd oftast en einu sinni í svörum starfsmanna.

Þeim er raðað í stafrófsröð en ekki eftir því hve oft þau voru nefnd.

Stefna og stjórnun	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Gott fólk • Góðir stjórnendur • Nýr og flottur skóli 	Veikleikar - sóknarfæri
Nám og kennsla	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Einstaklingsmiðað nám • Góðir kennarar • Opinn skóli 	Veikleikar – sóknarfæri <ul style="list-style-type: none"> • Opinn skóli – opin kennslusvæði • Verkgreinakennsla fyrir yngstu nemendurna vantar • Þrengsli
Líðan nemenda	
Styrkleikar <ul style="list-style-type: none"> • Jákvætt andrúmsloft – vingjarnlegt viðmót • Kennsla – fjölbreyttar kennsluaðferðir 	Veikleikar – sóknarfæri <ul style="list-style-type: none"> • Agamál • Einelti
Starfsánægja starfsmanna	
Styrkleikar	Veikleikar – sóknarfæri
Samstarf heimila og skóla	
Styrkleikar	Veikleikar – sóknarfæri

4.9 Forgangsröðun starfsmanna og foreldra að umbótavinnu

Forgangsröðun starfsmanna að umbótavinnu fyrir skólaárið 2012 – 2013:

1. Húsnæði skólavistunar
2. Tölvur og tölvustofa
3. Sérkennsluúrræði fyrir nemendur á miðstigi - Stapi
4. Stórir nemendahópar
5. Upplýsingaflæði
6. Þrengsli
7. Endurskoða kennsluaðferðir m.t.t. kynja og þeirra nemenda sem þurfa aukna verkgreinakennslu
8. Tæki - skjávarpa vantar í kennslustofur
9. Opin rými – loka meira á milli svæða
10. Upplýsinga- og tækimennt – bæta kennslu

Forgangsröðun foreldra að umbótavinnu fyrir skólaárið 2011 – 2012:

1. Bygging sundlaugar
2. Viðbrögð við þrengslum
3. Agamál
4. Bæta aðstöðu skólavistunar
5. Eineltismál
6. Loka kennslustofum
7. Auka list- og verkgreinakennslu yngstu nemenda

Forgangsröðun kennara að umbótavinnu fyrir skólaárið 2011 – 2012:

1. Agamál
2. Sérkennsla
3. Bætt líðan nemenda
4. Auka list- og verkgreinakennslu yngstu nemenda
5. Bæta vinnuaðstöðu

5. Umræða

Í sjálfsmati Sunnulækjarskóla var lagt upp með fimm grundvallarspurningar um skólastarfið sem komu fram hér að framan. Hér verður reynt að svara þessum spurningum miðað við þau gögn og þá úrvinnslu sem koma fram í þessari skýrslu.

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?

Skólinn hefur skýra stefnu og stjórnendur hafa sterka faglega sýn. Starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans. Starfsmenn eru ánægðir með samskipti sín og samvinnu við stjórnendur og finnst gott að leita til þeirra. Þó þyrfti að skýra betur stjórnunarlega ábyrgð deildarstjóra. Ánægja foreldra með stjórnun og stjórnendur er mikil og meiri í Sunnulækjarskóla en almennt í Árborg. Skólanámskrá skólans er skýr og sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir liggja fyrir. Stöðugleiki er í starfsmannahaldi og allir kennarar skólans eru nú með kennsluréttindi.

2. Eru kennsluáðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt árangur?

Erfitt er að gefa eitt einhlítt svar við þessari spurningu miðað við þær niðurstöður sem hér liggja fyrir. Margt er jákvætt varðandi nám og kennslu í Sunnulækjarskóla. Á undanförunum árum hafa nokkrir þættir náms og kennslu sætt ákveðinni gagnrýni en með þá hefur verið unnið og úrbætur gerðar sem foreldrar og starfsmenn eru ánægðir með. Þó er enn verk að vinna varðandi fáein atriði.

Ýmsir mikilvægir þættir koma sterkir út og má þar einkum nefna að kennsla er góð og einstaklingsmiðuð og kennsluhættir fjölbreyttir að mati starfsmanna og foreldra. Hins vegar eru hvorki foreldrar né starfsmenn ánægðir með litla verkgreinakennslu yngstu nemendanna.

Samfella í námi ásamt einfaldara og samræmdara námsmati voru tvö atriði náms og kennslu sem kennarar hafa talið á undanförunum árum að þyrfti að koma í betra horf og voru aðgerðir þar að lútandi settar í umbótaáætlun skólans. Starfsmenn eru greinilega ánægðir með breytingu á báðum þessum þáttum því þeir eru ekki lengur á lista yfir þau atriði sem þeim finnst að þurfi að bæta í skólastarfinu.

Það sama má segja um sérkennsluna en nokkur gagnrýni hefur komið á fram á skipulag hennar og framkvæmd á undanförunum árum. Ýmsar úrbætur hafa verið gerðar, meðal annars að færri kennarar hafa hana á höndum nú en áður, viðbótarkennari kemur inn í hluta íslensku- og stærðfræðitíma í öllum árgöngum og sérstakt sérkennsluúrræði - Stapi, var sett á stofn á unglíngastigi. Þessar breytingar hafa gefið góða raun, starfsmenn lýsa ánægju sinni með Stapa og nú eru sérkennslumál í fyrsta sinn ekki meðal þeirra atriða sem starfsmenn benda á að þurfi að gera úrbætur á fyrir utan að þeir kalla eftir sambærilegu úrræði og Stapa fyrir nemendur á miðstigi.

Þrátt fyrir að starfsmenn og foreldrar telji kennslu góða og kennsluhætti fjölbreytta var námsárangur nemenda slakur á samræmdum könnunarprófum fyrstu starfsár skólans. Á síðastliðnum þremur skólaárum hefur árangurinn hins vegar verið að batna, í fyrra var hann fyrir ofan landsmeðaltal í 7. bekk, bæði í íslensku og stærðfræði og í ár var hann fyrir ofan landsmeðaltal í stærðfræði í 4. bekk. Árangurinn í íslensku hefur almennt verið betri en

árangurinn í stærðfræði hjá nemendum skólans og þarf að leita leiða til að bæta enn námsárangur, einkum í stærðfræði.

Þá er það áhyggjuefni að nemendur í 6. – 10. bekk virðast ekki hafa mikla trú á eigin getu í námi og koma lakar út í nokkrum þáttum sem snerta virkni í námi (þrautseigja, áhugi á stærðfræði, trú á að hafa stjórn á eigin árangri) en nemendur í öðrum skólum.

Flestir foreldrar telja að heimavinna barnanna sé hæfileg Mikilvægi heimavinnu er hins vegar mun minna í Sunnulækjarskóla miðað við svör nemenda í Skólapúlsinum en í samanburðarskólunum.

Mikil ánægja er meðal foreldra með ýmsa aðstöðu í skólanum eins og mötuneyti, leikaðstöðu á skólalóð, aðstöðu til íþróttaiðkunar, aðstöðu til verkgreinakennslu og einnig með almennt ástand húsnæðis. Hins vegar er mikil óánægja með húsnæði skólavistunar, bæði hjá foreldrum og starfsmönnum. Nokkur önnur atriði varðandi aðstöðu hafa verið gagnrýnd, meðal annars þrengsli, of opin kennslurými, tækjakostur sé lítill og að sérstaka tölvustofu vanti.

3. Líður nemendum vel í skólanum?

Líðan nemenda í skólanum er almennt góð að mati foreldra og starfsmanna. Þó virðast nemendur í Sunnulækjarskóla vera kvíðnari, hafa minna sjálfsálit og trú á að þeir hafi stjórn á eigin lífi en nemendur í öðrum skólum.

Samskipti nemenda og kennara eru góð og jákvætt og vingjarnlegt andrúmsloft er ríkjandi.

Svör nemenda í Sunnulækjarskóla í Skólapúlsinum sýna með afgerandi hætti að stúlkum líður ver en drengjum í flestum þáttum sem mældir eru og líðan árganga er misjöfn. Þetta er mikið áhyggjuefni sem þarf nauðsynlega að skoða betur og leita leiða til að færa til betri vegar.

Agamál hafa verið í brennidepli í skólanum á undanförunum árum en bæði foreldrar og starfsmenn hafa talið agamálin einn veikasta þátt skólastarfsins. Ýmsar úrbætur hafa nú verið gerðar í agamálum, meðal annars með tilkomu Stapa og eins hafa reglur verið skýrðar og ferlar mótaðir. Greinileg ánægja er með úrbæturnar því agamál eru ekki lengur á lista yfir þau atriði sem starfsmenn telja að eigi að vera í forgangi í umbótaáætlun skólans.

Hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar* fellur í góðan jarðveg hjá starfsmönnum og ánægjan eykst á milli ára.

Einelti virðist ekki vera meira vandamál í 6. – 10. Sunnulækjarskóla en gerist í öðrum skólum að mati nemenda og er minna en almennt gerist að mati foreldra í Árborg. Þó telja foreldrar að skólinn taki ekki eins vel á eineltismálum og vinni ekki eins markvisst eftir eineltisáætlun og almennt gerist í Árborg. Einelti virðist helst eiga sér stað í frímínútum, einkum úti.

4. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?

Góður starfsandi mælist einn mesti styrkleiki skólans að mati starfsmanna. Þeim líður vel á vinnustað og samvinna og samstarf starfsfólksins er gott og mikils metið. Þá finnst starfsmönnum að þeir fái nægar áskoranir í starfi.

Kennarar upplifa álag í starfi í vaxandi mæli og telja að nokkrir þættir sem snerta vinnuaðstæður þeirra séu slæmir, einkum staða tölvumála, þrengsli á nokkrum kennslusvæðum og áreiti á opnum rýmum. Þá þarf upplýsingaflæði að vera betra í sumum tilvikum.

5. Fjá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Foreldrar bera almennt hlýjan hug til skólans. Viðhorf þeirra til stjórnenda, kennara, umsjónarkennara og annarra starfsmanna er almennt jákvætt. Þeir telja að skólinn svari kröfum nútímans vel og segjast geta mælt með skólanum við aðra foreldra. Upplýsingagjöf til foreldranna er góð og ánægja með viðbrögð skólans við ábendingum og athugasemdum hafa aukist. Þó þyrfti að bæta upplýsingastreymi frá umsjónarkennurum til foreldra um líðan og félagsanda í bekkjum.

6. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið farið nokkuð ítarlega í niðurstöður allra þeirra kannana sem gerðar hafa verið meðal nemenda, foreldra og starfsmanna frá skólaárinu 2009.

Sunnulækjarskóli er ungur skóli sem hefur stækkað mjög hratt á stuttum tíma. Ótal ný verkefni hafa beðið úrlausnar á hverju ári og má því segja að skólinn sé eitt stórt þróunarverkefni. Slíkum breytingum fylgir óhjákvæmilega einhverjir vaxtarverkir. Margir þættir skólalífisins hafa styrkst og eflst á milli ára en alltaf bíða einhver verkefni úrlausnar.

Samkvæmt niðurstöðum sjálfsmats Sunnulækjarskóla má í örstuttu máli segja að sterkustu stoðir Sunnulækjarskóla séu góður starfsandi, góð stjórnun og fjölbreyttir kennsluhættir.

Augljósar framfarir hafa orðið í flestum þáttum sem settir voru í umbótaáætlun skólans á síðasta ári, eins og í agamálum, sérkennslu og aukinni samfellu í náminu.

Samkvæmt þessum sömu niðurstöðum eru ýmis brýn verkefni sem bíða úrlausnar til að Sunnulækjarskóli verði enn betri skóli í framtíðinni en hann er nú.

Í fyrsta lagi þarf að reyna að bæta ýmsa aðstöðu eins og húsnæði skólavistunar og tækjakost skólans. Einnig hafa komið fram óskir um sérstaka tölvustofu sem þarf að taka afstöðu til.

Í öðru lagi þarf að huga að ýmsum þáttum sem snerta nám og kennslu eins og að efla áhuga og bæta námsárangur, einkum í stærðfræði og einnig þarf að athuga með hvaða hætti er hægt að koma til móts við óskir starfsmanna um svipað sérkennsluúrræði og Stapi er fyrir nemendur á miðstigi.

Í þriðja lagi þarf að leita leiða til að efla trú nemendanna á eigin getu og styrkja sjálfsmynd þeirra, einkum stúlkna.